

**SKOÐUN** Makríllinn og rækjan gætu skapað þjóðarsátt, skrifar Bolli Héðinsson. 16



**MENNING** Verk fimmtán ára tónskálds flutt af Berlínarfílharmóníunni. 24



**LÍFIÐ** Dísa Jakobs hitaði upp fyrir Ásgeir Trausta og Ellie Goulding. 34



**SPORT** Hlynur er tilbúinn að vera áfram hjá Sundsvall þrátt fyrir erfiða stöðu. 30





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
**1. apríl 2014**
77. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Yfir 80 mál bíða umræðu á Alþingi

Rúmlega áttatíu mál bíða umræðu á Alþingi. Lokadagur til að leggja fram ný þingmál án þess að leita afbrigða var í gær. 6

**Vilja bjarga 140 ára húsi** Minjastofnun leitar leiða til að varðveita 140 ára bæjarhús á Hrauni í Fljótum. Eigandinn vill ekki hafa húsið á jörð sinni. 2

**Erfitt að útvega fæðu** Skýrsla Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál dregur upp dökka mynd. 8

**Eldislaxar sluppu** Tvö hundruð eldislaxar sluppu úr kví í Patreksfirði. Enginn lax veiddist aftur. 12




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | A | 4 |
| Akureyri | 8° | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 5° | SA | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | SA | 5 |
| Reykjavík | 9° | A | 6 |

**Hlýindi** víða um landið í dag með hægri SA-átt og allt að 13 stiga hita SV-lands. Bjart N-lands og með kvöldinu tekur að rigna SV- og S-lands. 4

## SÉRBLAÐ

**Fólk**









**VETURINN BÚINN** Fjöldi fólks í nokkrum hjólreiðafélögum á höfuðborgarsvæðinu nýtti tækifærið til útivistar fyrri part sunnudags og hjóluðu margir á Þingvelli og heim aftur frá Reykjavík, um hundrað kílómetra alls. Hér má sjá nokkra félaga úr Ægi 3, þríþrautardeild sundfélagsins Ægis, á Mosfellsheiði. „Einstaka naglar hafa verið að fara upp á Mosfellsheiði og jafnvel alla leið á Þingvöll þegar aðstæður hafa leyft, en þetta var fyrsta hópferð vorsins,“ segir Jens Viktor Kristjánsson, formaður og þjálfari hjá Ægi 3. „Við vorum þarna örugglega um hundrað manns á ferðinni, veður gott og auðar götur,“ segir hann og telur óhætt að segja að vetur sé nú að baki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Flokkar fá kjörskrár þrátt fyrr lagaóvissu

Innanríkisráðuneytið segir stjórnmálaflokka fá kjörskrá fyrir kosningar í vor þótt bæði Þjóðskrá og Persónuvernd segi engar heimildir í lögum fyrir afhendingunni.

**STJÓRNSÝSLA** Persónuvernd segir vafa leika á því hvort Þjóðskrá Íslands sé heimilt að afhenda stjórnmálaflokkum afrit kjörskrárstofna.

Innanríkisráðuneytið hefur falið Þjóðskrá að afhenda stjórnmálaflokkum afrit af kjörskrárstofnum fyrir alþingiskosningar auk lista og límmiða um tiltekna hópa kjósenda, til dæmis þá sem kjósa í fyrsta sinn.

Þjóðskrá segir í erindi til Persónuverndar að ekkert í lögum heimili afhendingu slíkra gagna til annarra en sveitarstjórna. Kjósendur njóti mögulega ekki verndar samkvæmt reglum. Innanríkisráðuneytið segir það hafa tíðkast árum saman að afhenda stjórnmálasamtökum kjörskrárstofnana.

„Þó ekki sé kveðið á um þessa afhendingu með skýrum hætti í kosningalöggjöfinni, byggir hún á langri og ríkri hefð í samskiptum stjórnarráðsins og stjórnmálasamtaka sem hyggjast bjóða fram og hefur þar verið gætt fyllsta jafnræðis milli framboðsaðila,“ segir ráðuneytið, sem kveður það „í þágu lýðræðisins að auðvelda þeim sem bjóða sig fram í kosningum að ná eyrum kjósenda“.

Innanríkisráðuneytið segist ætla að kanna við endurskoðun kosningalöggjafarinnar hvort kveða þurfi á um með skýrum hætti að afhendingin sé heimil. Því verði ekki lokið fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor. „Ráðuneytið gerir því ráð fyrir því að framboðsaðilum við sveitarstjórnarkosningar verði að öllu óbreyttu afhent umrædd gögn með sama hætti og verið hefur.“

> **Þó ekki sé kveðið á um þessa afhendingu með skýrum hætti í kosningalöggjöfinni byggir hún á langri og ríkri hefð í samskiptum stjórnarráðsins og stjórnmálasamtaka sem hyggjast bjóða fram.**
> *Innanríkisráðuneytið.*

- gar / sjá síðu 10

Dýr til liðs við Sirkus Íslands:

# Sirkusbjörn til sýnis í dag

**SAMFÉLAG** „Hann kemur hingað frá Noregi, búinn að vera þar að gigga í nokkur ár, svo eftir sumarið fer hann aftur heim,“ segir Margrét Erla Maack í Sirkus Íslands.

Hópurinn býður ungum sem öldnum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn frá klukkan 16 til 17 í dag til að bjóða nýjan meðlim sirkussins velkominn – sirkusbjörninn Bamse. Hann kemur úr sóttkví í dag og af því tilefni verður frítt í garðinn. Björninn mun ferðast um landið í sumar með sirkusnum og kann hann bæði að húla og hjóla.

„Hann getur líka ýmislegt fleira en við þurfum að sjá til hversu vel hann treystir okkur.“

- lkg / sjá síðu 34

Miklu fleiri greinast með einhverfu en á árum áður. Meiri líkur hjá drengjum:

# 1 af hverjum 88 með einhverfu

**SAMFÉLAG** Miklu fleiri hafa verið greindir með einhverfu á Íslandi á síðustu árum en á löngu tímabili þar á undan. Evald Sæmundsen, barnasálfræðingur á Greiningarstöð ríkisins, segir að 75 manns hafi greinst með einhverfu úr árgöngunum 1974-1993. Til samanburðar greindust 267 manns úr eingöngu fimm árgöngum, 1994-1998.

„Samverkandi þættir valda aukningu. Aukin þekking á einhverfu, stærra róf einhverfu og þar með talið Aspergersheilkenni, auk þess sem greiningartækin verða öflugri,“ segir Evald.



EVALD SÆMUNDSEN

Á morgun er alþjóðadagur einhverfu og er eitt meginmarkmið hans að auka umræðu og vitund um einhverfu. Einhverfa er málefni sem snertir marga enda greinist eitt af hverjum 88 börnum með einhverfu og hjá drengjum eru líkurnar einn á móti 54.

Ragnhildur Ágústsdóttir á tvo drengi með einhverfu. Hún segir mikilvægt að opna umræðu og vekja athygli á einhverfu þar sem fjölmargir hafi miklar ranghugmyndir um röskunina.

- ebg / sjá síðu 4




*Gómsæt Páskaostakaka með ljúfum piparmyntukeim bíður þín í næstu verslun.*

## SPURNING DAGSINS



**Snorri, erum við ekki að setja öll okkar egg í sömu körfu?**

**„Jú, enda viljum við berjast fyrir breytingum með oddi og egg.“**

Snorri Einarsson, læknir á ART Medica, og samstarfsmenn hans stefna að því að koma upp tækni sem mun gera konum kleift að frysta ófrjóvguð egg.

Félag framhaldsskólakennara segir ekkert liggja fyrir um prósentuhækkanir:

# Staðfestir engar flökkusögur

**VINNUMARKAÐUR** Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segist ekki vilja staðfesta neinar flökkusögur um prósentuhækkanir varðandi kjaradeilur framhaldsskólakennara.

„Þessi 2,8 prósent sem samninganefnd ríkisins lagði á borðið um miðjan janúar eru ekki lengur á borðinu því ríkið hefur lagt fram aðrar forsendur síðan þá. Þær eru hærri en þessi 2,8 prósent, en hvaða prósentur þetta eru staðfestum við ekki vegna þess að það sem er í samræðum á milli aðila er trúnaðarmál.“

Aðalheiður vonar að samningar klárist í vikunni, en segir að ríkið eigi að veita samninganefnd sinni skýrt umboð til aðgerða.

„Til þess að geta tekið lokahnykkinn þá er algjörlega nauðsynlegt að menntamálaráðherra og fjármálaráðherra gefi samninganefnd ríkisins miklu skýrara umboð en hefur verið til þessa. Ef það gengur eftir ættum við alveg að geta klárað þetta.“ **- kóh**



**AÐALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR** segir allar sögusagnir um prósentuhækkanir óstaðfestar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Opið hjá Sjávarklasanum:

# Nemar í verkfalli fá heimboð

**FRÆÐSLA** Íslenski sjávarklasinn stendur fyrir opnum degi fyrir framhaldsskólanema í Húsi sjávarklasans á Grandagarði 16. Með viðburðinum vill forsvarsfólk klasans gefa nemum, sem nú eru verkefnalitlir, færi á að kynnast hinum svokallaða sjávarklasa á Íslandi.

„Eitt brýnasta verkefni sjávarútvegsins er að virkja nýja kynslóð. Hún getur fært greinina á hærri stall í framtíðinni,“ segir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Sjávarklasans. **- shá**



**ÞORSTEINN H. GUNNARSSON** Íslenskar plöntur frá blómaárinu 1968 eru samofnar náttúruljóðum á sýningu Þorsteins H. Gunnarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hundrað íslenskar plöntur frá 1968 til sýnis á Háskólatorgi:

# Tíndi plönturnar brúðkaupsárið

**NÁTTÚRUFRÆÐI „Ég er bara að gera þetta til fróðleiks og til að hafa gaman af hlutunum,“ segir Þorsteinn H. Gunnarsson búfræðikandídat, sem enduruppgötvaði safn sitt af þurrkuðum íslenskum plöntum í flutningum og leyfir nú fleirum að njóta.**

**Safnið, með eitt hundrað plöntum, verður til sýnis á Háskólatorgi HÍ út apríl.**

**„Þetta eru allt 46 ára gamlar plöntur, frá sumrinu ‘68, þær eru jafn gamlar hjónabandinu mínu,“ segir Þorsteinn sem safnaði jurtunum er hann var í framhaldsnámi í búvísindum á Hvanneyri. „Flestar plönturnar eru af Norðvesturlandi og þá frá Syðri-Löngumýri þar sem ég er alinn upp.“**

**Inni á milli plantnanna eru náttúruljóð, meðal þeirra Barmahlíð eftir Jón Thoroddsen. „Við það fann ég eina plöntu úr Barmahlíðinni,“ segir Þorsteinn.** **- gar**

# Vilja bjarga 140 ára bæjarhúsi í Fljótum

Minjastofnun leitar nú leiða til að varðveita megi 140 ára bæjarhús á Hrauni í Fljótum. Eigandinn vill ekki hafa húsið á jörðinni og býður það að gjöf. Innviðir á efri hæðum hússins eru sagðir sérlega góðir. Byggðaráð Skagafjarðar skoðar málið.

**MINJAVERND** „Það væri mikil eftirsjá að þessu húsi,“ segir Þór Hjaltalín minjavörður um gamla bæjarhúsið á Hrauni sem þarf að finna ný heimkynni eftir 140 ára veru í Fljótunum.

Bæjarhúsið á Hrauni var reist 1873 og byggt úr sænskum viði. Bærinn var sérstaklega reisulegur á síns tíma mælikvarða og mikill mannskapur á stórbýlinu Hrauni. Í tímans rás hefur verið steypt utan um húsið og sömuleiðis innan á neðri hæð þess. Af þeim sökum er neðri hæðin talin ónýt en efri rishæðirnar tvær eru metnar mjög heillegar með upprunalegum þiljum og hurðum auk þess sem burðarbitar eru í sérlega góðu ástandi.

„Það er löngu flutt úr húsinu og það hefur ekki verið í notkun mjög lengi. Það er ekki vilji eigenda til að varðveita það á þessum stað,“ segir Þór sem kveður lausnina geta falist í því að saga efri hæðirnar ofan af húsinu og flytja í heilu lagi á annan stað þar sem byggð væri ný hæð undir það.

Þótt eigendur Hrauns vilji ekki sjálfir hafa gamla húsið hjá sér vilja þeir stuðla að varðveislu þess og bjóða því húsið að gjöf.

„Ef einhver vill taka húsið þá stendur það til boða. Það er mikil saga á bak við þetta hús og hægt að gera það mjög fallega upp. Það væri staðarprýði hvert sem það færi en helst hefði maður viljað að þetta varðveittist í héraðinu,“ segir Þór.

Sem sviðsstjóri Minjastofnunar á Norðurlandi vestra hefur Þór sent sveitarfélaginu Skagafirði erindi um Hraunshúsið og sagt björgun þess forgangsverkefni á sviði húsverndar í Skagafirði. Þór bendir á þann möguleika að nýta húsið á byggðasafninu í Glaumbæ. Þar er einmitt annað sambærilegt hús, svokallað Áshús sem byggt var eftir sambærilegri teikningu þótt Hraunshúsið sé stærra. „Ef þau hafa áhuga á húsinu er eigandinn búinn að segja að þeim sé velkomið að taka það. Helst vildum við klára málið í sumar,“ segir Þór Hjaltalín.

**gar@frettabladid.is**



**HRAUN** Reist 1873 úr sænskum viðum og var stórbýli á sínum tíma. Yfirsmiður var Jón Mýrdal skáld. Steypt var utan um húsið á tuttugustu öldinni. MYND/ÞÓR HJALTALÍN



**Það væri staðarprýði hvert sem það færi en helst hefði maður viljað að þetta varðveittist í héraðinu.**

*Þór Hjaltalín minjavörður.*



**VEL MEÐ FARIÐ** Viðir, þil og hurðir eru í sérlega góðu standi í gamla bæjarhúsinu á Hrauni. MYND/ÞÓR HJALTALÍN

Þeistareykjavirkjun fær leyfi:

# Virkja má jarðhitann í 60 ár

**IÐNAÐUR** Orkustofnun veitti fyrir helgi Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir 100 megavatta Þeistareykjavirkjun í Þingeyjarsveit.

„Samtímis var gefið út nýtingarleyfi á grunnvatni til notkunar við hina fyrirhuguðu virkjun og nýtingarleyfi á jarðhita vegna virkjunarinnar,“ segir á vef Orkustofnunar. „Leyfið er veitt með skilyrðum um leyfilegan niðurdrátt og með hvaða hætti skuli bregðast við ef viðbrögð við vinnslu eru ekki í samræmi við spár.“ Leyfið er gefið út til 60 ára, nema forsendur breytist. **- óká**

Fjárútlát Krossgatna skoðuð:

# Gunnar sætir rannsókn

**EFNAHAGSBROT** Stjórn áfangaheimilisins Krossgatna fór fram á rannsókn Sérstaks saksóknara á meðhöndlun Gunnars Þorsteinssonar á fjármunum heimilisins. Gunnar, oftast kenndur við Krossinn, var forstjóri Krossgatna til ársins 2012. RÚV greinir frá þessu.

Stjórn Krossgatna hefur beðið um rannsókn á bifreiðaviðskiptum fyrir nokkrar milljónir króna og lánveitingu til Krossins upp á rúmlega 1,3 milljónir króna.

Áfangaheimilið hefur um margra ára skeið þegið framlög úr ríkissjóði. Gunnar neitar allri sök. **- kóh**






Ráðuneyti segir að í birtum úrskurðum séu engar persónuupplýsingar:

# Er heimilt að birta úrskurðina

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðuneytið hafnar því að það birti úrskurði um málefni útlendinga á vefnum án lagaheimildar. Ráðuneytið vísar í frétt Fréttablaðsins í gær um að ráðuneytið birti úrskurði í útlendingamálum á vefnum án þess að hafa til þess skýra lagaheimild.

„Stjórnvöld hafa á grundvelli upplýsingalaga fulla heimild til þess að eigin frumkvæði að birta upplýsingar sem þau hafa undir höndum, svo sem úrskurði sem upp hafa verið kveðnir, svo lengi sem þar er ekki að finna upplýsingar um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari og að öðru leyti gætt að lagaákvæðum er varða persónuvernd,“ segir í yfirlýsingu ráðuneytisins.

Að því er segir í yfirlýsingunni var ákveðið að birta umrædda úrskurði á Urskurdir.is með hliðsjón af framkvæmd í nágrannalöndum og að höfðu samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

„Í úrskurðum innanríkisráðuneytisins sem birtir hafa verið eru tekin út nöfn einstaklinga, ríkisborgararéttur þeirra eða þjóðerni, landaheiti, viðkvæmar upplýsingar, svo sem heilsufars- og fjárhagsupplýsingar sem og aðrar upplýsingar sem á einhvern hátt geta tengt einstaklinga við úrskurðinn,“ segir innanríkisráðuneytið.

Í frétt blaðsins í gær var vitnað til umsagnar Persónuverndar um frumvarp um breytingar á útlendingalögum. Hörður Helgi Helgason, forstjóri Persónuverndar, áréttar að sjónarmið stofnunarinnar varðandi birtingu úrskurða hafi snúið að væntanlegri kærunefnd útlendingamála, en ekki fjallað um heimildir ráðuneyta, þar með talið innanríkisráðuneytisins, til að birta úrskurði sem þau kveða upp í kærumálum. Ekki sé heldur gefið í skyn að ákvörðun um birtingu slíkra úrskurða eigi ekki að vera á hendi ráðherra.

**- gar**



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Innanríkisráðuneytið segist hafa samráð við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

www.n1.is facebook.com/enneinn



# FIMMFALT punkta PARTÍ í dag

## Fimmfaldir punktar!

Hljómar eins og aprílgabb, en er það ekki.
Punktapartí í dag, 1. apríl, á þjónustustöðvum N1 um allt land.
10 punktar með hverjum lítra af bensíni og dísel.

**Einstök partítilboð á punktaprís á völdum þjónustustöðvum:**

XL orkudrykkur – allar týpur **99 punktar**

Haribo spælegg – hlauppoki **249 punktar**

Nizza – lakkrís **159 punktar**

Bón tvistur **299 punktar**

Prins Póló – lítið **45 punktar**

Rúnstykki með skinku og osti **249 punktar**

**N1 kortið er boðskortið þitt í partíið.**

N1 korthafar halda afsláttarkjörum sínum en að auki fimmfaldast punktarnir með hverjum lítra af bensíni og dísel.

*Punktur er punkts gaman!*

Komdu í partí N1

ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 68497 03/14

## SVONA ERUM VIÐ



**5** **falt meira veiddist af fiski í heiminum árið 2011**

**en árið 1950 ef litið er til tuttugu mest veiddu tegundanna.**

Árið 1950 nam veiðin um 19,3 milljónum tonna en 94,6 milljónum tonna árið 2011. *Heimild: Hagstofa Íslands.*

Fjármálaeftirlitið segir ákvæði laga um verðbréfaviðskipti hafa verið brotin:

# Icelandair sektað um 10 milljónir

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið (FME) hefur sektað Icelandair Group um 10 milljónir króna vegna brots á lögum um verðbréfaviðskipti.

Fram kemur í ákvörðun FME að Icelandair hafi brotið 122. grein laganna með því að hafa 3. desember 2012 hvorki birt innherjaupplýsingar um væntanleg kaup á flugvélum né tekið ákvörðun um frestun á birtingu upplýsinganna, eftir að stjórn félagsins hafði ákveðið að ganga til lokasamningaviðræðna við flugvélaframleiðendur.

FME segir að á þessum tíma hafi legið ljóst fyrir að gengið yrði til samninga við Boeing um flugvélakaup en Icelandair hafði áður upplýst að ákvörðunar væri að vænta um hvort félagið myndi einvörðungu styðjast við Boeing 757-vélar til ársins 2022 eða nota þær auk smærri flugvéla. „Telja verður að upplýsingarnar sem mynduðust þann dag hafi verið upplýsingar sem fjárfestar myndu líta til við ákvörðun um fjárfestingu í félaginu,“ segir í ákvörðun FME. - óká



**BOEING-ÞOTA** Á sama tíma og brot Icelandair var framið segir FME viðskipti með bréf félagsins hafa verið mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Afgangur var af vöruskiptum:

# Fjórir milljarðar standa eftir

**EFNAHAGSMÁL** Í febrúar voru flutt-ar út vörur fyrir 41,3 milljarða króna og inn fyrir 37,3 milljarða, samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands.

Vöruskiptin í febrúar voru því hagstæð um fjóra milljarða króna. Í febrúar í fyrra voru þau hins vegar hagstæð um 6,1 milljarð króna. Vöruskipti í febrúar voru því 2,1 milljarði lakari en fyrir ári. Fyrstu tvo mánuði ársins voru vöruskiptin 6,2 milljörðum króna lakari en á sama tíma 2013. - óká



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Brennisteinsvetni mengar andrúmsloftið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fá undanþágu í eitt ár en ekki 5

**UMHVERFISMÁL** Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ætlar ekki að veita Orkuveitu Reykjavíkur umbeðna undanþágu til fimm ára frá ákvæðum nýrrar reglugerðar um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti sem tekur gildi í sumar. Þetta kemur fram í Reykjavík Vikublaði.

Verði hert mörk fyrir brennisteinsvetni ekki virt gæti Orkuveitan misst starfsleyfi fyrir Hellisheiðarvirkjun. Eins og sagði í Fréttablaðinu í gær er nú leitað ýmissa leiða til að minnka útblástur brennisteinsvetnis frá virkjuninni. Á meðan útblásturinn er undir mörkum hyggst heilbrigðiseftirlitið aðeins veita undanþágu til eins árs í senn. - gar

Olmert dæmdur í Ísrael:

# Fundinn sekur um mútuþægni

**ÍSRAEL, AP** Ehud Olmert, sem var forsætisráðherra Ísraels á árunum 2006 til 2009, var í gær dæmdur sekur í mútumáli og á yfir höfði sér allt að sjö ára fangelsi.

Refsing verður þó ekki ákvörðuð fyrr en 28. apríl. Samkvæmt ísraelskum lögum má hann ekki gegna opinberu embætti næstu sjö árin. Endurkoma í stjórnmál er því úr sögunni, en Olmert er 68 ára gamall.

Mútumálið tengist byggingaframkvæmdum í Jerúsalem og þykir eitt versta spillingarhneykslið í sögu Ísraels. Olmert er dæmdur fyrir að hafa þegið stórfé fyrir að útvega verktakafyrirtækjum samninga. - gb

# Máttu alveg knúsa hann?

Ragnhildur Ágústsdóttir á tvo syni með dæmigerða einhverfu og segir marga hafa ranghugmyndir um röskunina. Á morgun er alþjóðadagur einhverfu þar sem markmiðið er að vekja umræðu og vitund samfélagsins. Málefnið snertir marga þar sem æ fleiri greinast, en tæp fjögur þúsund Íslendinga eru á einhverfurófi.

**SAMFÉLAG** Það er til orðatiltæki sem lýsir einhverfum einstaklingum vel. „Ef þú þekkir einn með einhverfu, þá þekkir þú einn með einhverfu.“

Ragnhildur Ágústsdóttir tekur svo sannarlega undir þessi orð en hún á tvo drengi sem báðir eru greindir með dæmigerða einhverfu. Hún segir þá vera eins og svart og hvítt.

„Þeir eiga greininguna sameiginlega og þeir eru báðir með málþroskaröskun. Annars gætu þeir ekki verið ólíkari,“ segir Ragnhildur. Hún segir syni sína vera gott dæmi um hve einhverfir einstaklingar eru ólíkir en í samfélaginu séu uppi staðalmyndir um einhverfa sem eigi ekki við rök að styðjast.

„Fólk heldur að einhverfir geti aldrei horft í augun á fólki, vilji ekki snertingu, séu með sérgáfu á einhverju einu sviði og geti ekki átt samskipti. Ég fæ til að mynda margoft að heyra spurninguna „máttu alveg knúsa hann?“ um litlu kelirófuna mína.

Ragnhildur segir það hafa verið mikið áfall þegar drengirnir fengu greiningu en fljótlega áttaði hún sig á því að ekkert væri breytt, þetta væru sömu börnin.

„Þetta var tvöföld gusa því þegar við áttuðum okkur á einkennum eldri stráksins þá vissum við að sá yngri væri líka einhverfur. En við maðurinn minn tókum þá ákvörðun að lifa í núinu og hugsa ekki látlaust um hvað framtíðin ber í skauti sér. Við reynum að veita þeim eins mikla aðstoð og við getum og svo verður að koma í ljós hvað verður. Maður lærir að vera æðrulaus.“

Ragnhildur og drengirnir tveir ætla að vera í bláum fötum alla vikuna vegna alþjóðadags einhverfu sem er á morgun. Um allan heim verður dagurinn haldinn hátíðlegur með því að lýsa byggingar og önnur þekkt kennileiti í bláum lit. Á Íslandi verða meðal annars Harpa, Háskóli Íslands, Höfði og Hallgrímskirkja lýst upp í bláu í tilefni dagsins. erlabjorg@frettabladid.is



**MÆÐGIN** Ragnhildur Ágústsdóttir með sonum sínum. Vinstra megin er Jón Ágúst (7 ára) og við hlið hans Viktor Ingi (4 ára) Júlíussynir. Þau klæddu sig upp í blátt í tilefni af alþjóðadegi einhverfu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Af hverju greinast fleiri með einhverfu?



**EVALD SÆMUNDSEN**

Fyrir tuttugu árum var gerð íslensk rannsókn á tuttugu árgöngum, einstaklingum sem fæddir eru 1974-1993, og greindust þá 75 manns með einhverfu. Seinna var gerð rannsókn á eingöngu fimm árgöngum, 1994-1998, og þá greindust 267 manns með einhverfu. Í dag er talið að 1,2 prósent Íslendinga séu með einhverfurófsröskun, eða um 3.840 manns.

Evald Sæmundsen, barnasálfræðingur á Greiningarstöð ríkisins, segir aukna þekkingu og stærra róf einhverfu vera ástæðu aukinnar greiningar á einhverfu.

„Upp úr 1990 komu út nýjar skilgreiningar á greiningu á einhverfu og það er í fyrsta skipti sem Aspergersheilkenni kemur til sögunnar. Á sama tíma verða greiningartækin öflugri. Þar að auki eykst þekking á einhverfu á þessum tíma og á starfsemi mannsheilans. Allt þetta verður til þess að greiningar á einhverfu aukast til muna um allan heim,“ segir Evald.

Á einhverfurófi er að finna einhverfu, ódæmigerða einhverfu, Aspergersheilkenni og vægari raskanir. Evald segir stuttu skýringuna vera röskun í taugaþroska sem veldur óvenjulegri heilastarfsemi. Einkenni einhverfu varða erfiðleika við félagslegg samskipti, mál- og tjáningarröskun, ofurviðkvæmni fyrir skynáreitum og ofuráhuga á einhverju sértæku sviði.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Friedrichshafen | 21° | New York | 13° |
| Aþena | 20° | Gautaborg | 9° | Orlando | 26° |
| Basel | 20° | Kaupmannahöfn | 9° | Ósló | 10° |
| Berlín | 17° | Las Palmas | 22° | París | 22° |
| Billund | 10° | London | 20° | San Francisco | 13° |
| Frankfurt | 22° | Mallorca | 15° | Stokkhólmur | 4° |




**Á MORGUN** SA-læg átt, 3-10m/s. Hvessir SV-lands með kvöldinu.




**FIMMTUDAGUR** Fremur hæg SA-læg N-lands. 10-20m/s við S-ströndina.

**HÆGVIÐRI** og fremur hlýtt á landinu næstu daga og bjartviðri á N-hluta landsins. Búast má við stöku skúrum S- og SV-lands, þar hvessir svo seinnipart miðvikudags og bætir í úrkomu. Hiti 3-11 stig næstu daga og vægt næturfrost inn til landsins.



**Vordís Eiríksdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



**Verð: 9.980.000 kr.**

**Volvo XC90** Momemtum D5 AWD UUV86
Skráður des. 2012, 2,4TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 40.000 km.
*Í ábyrgð*




**Tilboð: 3.240.000**

**Ford Focus Trend** UYA01
Skráður nóv. 2012, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 21.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr.
*Í ábyrgð*



**Verð: 1.790.000 kr.**

**Mazda3 Touring Plus** LVB32
Skráður ágúst 2008, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 88.000 km.




**Tilboð: 1.390.000 kr.**

**Hyundai i30 Classic** TOH76
Skráður júní. 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 1.990.000 kr.**

**Toyota Auris** MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.




**Tilboð: 2.190.000 kr.**

**Citroën C3** Exclusive MRN04
Skráður apríl 2012, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 42.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr.

**BÍLADÍLL DAGSINS!**
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 6.990.000 kr.**

**Mitsubishi Pajero** Instyle 4x4 REJ72
Skráður maí. 2011, 3,2TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 65.000 km.
Ásett verð: 7.990.000 kr.

**FINNDU BÍLINN ÞINN**

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

**TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*




**Tilboð: 1.390.000 kr.**

**Nissan X-Trail** Elegance KN151
Skráður maí 2006, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 127.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.




**Tilboð: 3.490.000 kr.**

**Ford Focus Titanium** OLF07
Skráður mars 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 36.000 km.
Ásett verð: 3.750.000 kr.
*Í ábyrgð*




**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Ford Escape XLT AWD** PMM87
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 77.000 km.
Ásett verð: 3.480.000 kr.




**Tilboð: 3.920.000 kr.**

**Mazda6** Vision IEG75
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 32.000 km.
Ásett verð: 4.120.000 kr.
*Í ábyrgð*




**Tilboð: 5.590.000**

**Toyota Land Cruiser** 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.




**Tilboð: 2.390.000 kr.**

**Ford Explorer** Limited 4x4 RB054
Skráður júní 2007, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 108.000 km.
Ásett verð: 2.680.000 kr.




**Tilboð: 2.690.000 kr.**

**Toyota Yaris** Sport JEK42
Skráður febr. 2012, 1,3i bensín, sjálfsk.
Ekinn 28.000 km.
Ásett verð: 2.890.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mikill hluti iðgjalda vegna slysatrygginga við heimilisstörf fór í bætur í fyrra?
**2.** Hver leikstýrir heimildarmynd um Regnbogamanninn?
**3.** Hvað voru mörg börn ættleidd til landsins 2008 til 2012?

**SVÖR:**
**1.** Þriðjungur. **2.** Marsibil Jóna Sæmundar-dóttir. **3.** 81.

Blátt áfram fagnar tíu ára afmæli í mánuði gegn ofbeldi gagnvart börnum:

# Hafa frætt 35 þúsund manns

**FORVARNIR** Samtökin Blátt áfram fagna tíu ára afmæli þessa dagana.

Samtökin eru ein af fáum sem snúa að forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum og hafa aðrar þjóðir leitað til samtakanna til að kynna sér aðferðafræðina sem þau nota, þar á meðal fólk frá Grænlandi og Ungverjalandi. Þessa dagana eru níu manns frá Lettlandi á námskeiði hjá samtökunum.

„Við erum búin að fræða 35 þúsund manns á síðustu tíu árum og þannig ná til tíu prósenta þjóðarinnar. Við sjáum árangurinn í þeirri vitundarvakningu sem hefur orðið varðandi þessi mál á tiltölulega stuttum tíma," segir Svava Björnsdóttir, ein stofnenda Blátt áfram og varaformaður.

Svava segir næst á dagskrá að búa til íslenskt fræðsluefni sem er sérstaklega ætlað fullorðnu fólki. „Við viljum einbeita okkur að fullorðna fólkinu enda liggur ábyrgðin hjá því. Sérstaklega er mikilvægt að foreldrarnir fái fræðslu og munum við bjóða upp á fyrirlestra fyrir þá núna í apríl af tilefni alþjóðlegs mánaðar gegn ofbeldi gagnvart börnum."

- ebg



**STOFNANDI BLÁTT ÁFRAM** Svava Björnsdóttir heldur þessa dagana námskeið fyrir níu manns frá Lettlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýtt! 2 í 1

# Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli




Otrivin® Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópíumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



**STÓR MÁL BÍÐA** Þingmenn verða að halda vel á spöðunum ef á að nást að ljúka mörgum stórum málum sem bíða afgreiðslu áður en þing fer í sumarfrí um miðjan maí. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.

# Rúmlega áttatíu mál bíða umræðu

Lokadagur til að leggja fram ný þingmál án þess að leita afbrigða var í gær. Ekki kom fram frumvarp um veiðigjöld eða um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Ekkert bólar heldur á frumvarpi um gjaldtöku á vinsælum ferðamannastöðum.

**ALÞINGI** Sjávarútvegsráðherra lagði ekki fram frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða eða um veiðigjöld í gær eins og vænst hafði verið. Dagurinn í gær, 31. mars, var síðasti dagur til að leggja fram ný þingmál á Alþingi fyrir sumarfrí, án þess að leita afbrigða. Annað frumvarp sem beðið hafði verið eftir með nokkurri eftirvæntingu kom heldur ekki fram. Það er frumvarp um gjaldtöku á ferðamannastöðum.

Þegar gerðar voru breytingar á lögum um veiðigjöld í fyrra voru þau til eins árs. Að sögn þingmanna er því ljóst að það verður að nota ákvæði þingskaparlaga um afbrigði til að leggja fram veiðigjaldafrumvarp fyrir þinglok svo ný lög geti tekið gildi þegar nýtt fiskveiðiár gengur í garð fyrsta september næstkomandi.

Annað mál sem beðið hefur verið eftir en hillir ekki undir er frumvarp um afnám verðtryggingar.

Á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar voru á annað hundrað mál.

Það styttist í þinglok, nú eru tólf þingfundardagar eftir áður en Alþingi fer í sumarfrí um miðjan maí.

Rúmlega 80 mál bíða umræðu í þinginu. Stærstu málin eru leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána og frumvarp um séreignarsparnað.

Þá er umdeild þingsályktunartillaga utanríkisráðherra um að slíta aðildarviðræðum við Evrópusambandið til umfjöllunar í utanríkismálanefnd og kemur væntanlega til annarrar umræðu í þinginu í kringum páska.

Félags- og húsnæðismálaráðherra lagði fram eitt af stóru málunum sínum í gær, um húsaleigubætur.

Af málum sem efnahags- og fjármálaráðherra lagði fram má nefna frumvarp um eiginfjárviðmið Seðlabanka og frumvarp um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, þriðja frumvarpið sem kom úr fjármálaráðuneytinu er frumvarp til laga um opinber fjármál. johanna@frettabladid.is

## ÞINGMÁL RÍKISSTJÓRNARINNAR

### → Frumvörp sem búið að leggja fram

- Frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána.
- Frumvarp til laga um séreignarsparnað.
- Frumvarp til laga um breytingar á lögum um húsaleigubætur.
- Frumvarp til laga um eiginfjárviðmið Seðlabanka Íslands.
- Frumvap til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki.
- Frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda og fleira
- Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2013 til 2016.

### → Frumvörp sem ekki er búið að leggja fram

- Frumvarp um stjórn fiskveiða (aflamarkskerfi)
- Frumvarp um veiðigjöld
- Frumvarp til breytinga á dómstóla- og réttarfarslögum vegna millidómstigs.
- Frumvarp til laga um gjaldtöku í ferðaþjónustu.
- Frumvarp um ríkisolíufélag.
- Frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.
- Frumvarp um hamfarasjóð.
- Frumvarp um húsnæðismál (lyklafrumvarp).

## EKKI STYRKT STÖÐU SÍNA



**EIRÍKUR TÓMASSON**

„Ég er ekki viss um að ríkisstjórnin hafi styrkt stöðu sína síðustu daga, þrátt fyrir frumvörp sem eiga að taka á skuldavanda heimilanna," segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

„Það er komið eitthvað frá stjórninni um flest þau mál sem hún lagði upp með nema það hefur ekki komið frumvarp um afnám verðtryggingarinnar sem er gríðarlega flókið og vandasamt mál," segir Gunnar Helgi.

Hann segist telja að margir sem bjuggust við miklu varðandi niðurfellingu skulda verði fyrir vonbrigðum þegar þeir kíkja í skuldaleiðréttingarpakkann.

## ÞARF LEYFI ÞINGSINS

Ef ríkisstjórn eða þingmenn ætla að leggja fram ný lagafrumvörp eftir fyrsta apríl þarf meirihluti Alþingis að samþykkja framlagningu lagafrumvarpsins. Frumvarp sem lagt er fram með afbrigði þarf að bíða í fimm daga í þinginu áður en það er tekið til umræðu. Ef mikið liggur við, til dæmis ef um mikla vá er að tefla, er hægt að fara fram á flýtimeðferð og er frumvarpið þá tekið til tafarlausrar umræðu.




Auris er eins og skapaður utan um þig. Stílhreinn, fallegur og hugvitssamlega hannaður með þægindi, öryggi og sparneytni í fyrirrúmi. Aksturinn er hreinasta nautn og Touch-kerfið með bakkmyndavél, snertiskjá, aksturstölvu og tengingu við farsíma, opnar fyrir þér umheiminn með aðgangi að tónlistinni þinni og möguleikanum á kortaleiðsögn um íslenska vegi með Touch & Go. Sjö loftpúðar auka síðan enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota og skoðaðu Auris sem er eins og skapaður fyrir þig.

**Verð frá 3.370.000 kr.**

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is.

40 %
GÆÐALÁN TOYOTA

**GÆÐALÁN TOYOTA Í SAMSTARFI VIÐ ERGO**

Fáðu **40%** af verði nýrrar Toyotu að láni **án vaxta** í allt að **þrjú ár**.

TOYOTA TOUCH & GO

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni er Auris Hybrid og kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. 40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Margt torveldar leitina:

# Brakið reyndist vera veiðarfæri

**MALASÍA, AP** Leitin að týndu farþegaþotunni frá Malasíu hefur enn engan árangur borið. Þeir hlutir, sem taldir hafa verið hugsanlegt brak úr vélinni hafa reynst vera ýmislegt annað. Í ljós kom að samhangandi appelsínugulir hlutir voru í reynd veiðarfæri, sem hafa slitnað frá fiskiskipi.

Leitarsvæðið vestur af Ástralíu er á hafsvæði sem alræmt er fyrir allt það rusl sem um það flýtur. Hafstraumarnir þarna leita í hring þannig að draslið safnast fyrir. - gb

Danska ríkið greiðir börnum ráðherra og embættismanna lífeyri þegar foreldri fer á eftirlaun eða deyr:

# Börnin fá greidda milljarða á hverju ári

**DANMÖRK** Danska ríkið greiðir á hverju ári um 85 milljónir danskra króna, eða um 1,7 milljarða íslenskra króna, í lífeyri til barna fyrrverandi ráðherra og embættismanna. Um er að ræða arf frá þeim tíma þegar nauðsynlegt þótti að tryggja mikilvægustu mönnum ríkisins og börnum þeirra góð skilyrði í þakklætisskyni fyrir ævilangt framlag þeirra.

Greint er frá því á vef Kristilega dagblaðsins í Danmörku að þegar ráðherrar og embættismenn danska ríkisins fara á eftirlaun eða deyja áður en börn þeirra verða 21 árs eigi börn þeirra rétt á mánaðarlegri greiðslu frá ríkinu þar til þau ná 21 árs aldri.

Árið 2012 fengu átta ráðherrabörn og 4.369 embættismannabörn greiðslur frá ríkinu þar sem foreldri þeirra var komið á eftirlaun og er greiðslan 8.800 danskar krónur á ári til hvers barns eða um 176 þúsund íslenskar krónur. Hafi barn misst foreldri sitt er greiðslan næstum því tvöfalt hærri.

Formaður Einingarlistans, Per Clausen, segir að ríkið eigi að hætta að greiða börnum ráðherra lífeyri. Fara verði hins vegar samningaleiðina til að breyta reglunum um lífeyri til embættismannabarna frá ríkinu. - ibs



**DANSKAR KRÓNUR** Börn ráðherra og embættismanna fá árlega 85 milljónir danskra króna í lífeyri. MYND/NORDEN.ORG

Hefðbundnar bækur munu halda velli næstu áratugina:

# Rafbókasala mun dragast saman

**VIÐSKIPTI Rafbókasala mun falla í Bretlandi, segir Tim Waterstone, stofnandi keðjubókabúðarinnar Waterstone. Fullyrti Waterstone að hefðbundnar bækur yrðu þeim rafrænu vinsælli næstu áratugina. BBC greinir frá þessu.**

**Fyrstu átta mánuði síðasta árs var rafbókasala 800 milljóna dala virði í Bandaríkjunum, en það er fimm prósenta lækkun frá árinu 2012. Á sama tíma jókst sala á hefðbundnum pappírsbókum um 11.5 prósent.**

**„Ég held að mesta rugl sem ég hef lesið og heyrt sé um sprengikraft rafbókabyltingarinnar,“ sagði Waterstone.** - kóh



**KINDLE-RAFBÓK** Amazon Kindle er ein vinsælasta rafbókin á markaðnum. NORDICPHOTOS/AFP







# Erfiðara verður að fæða mannkynið

Fimmta stöðuskýrsla loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna dregur upp dökka mynd. Höfundar skýrslunnar slá þó fleiri varnagla en áður og benda á nokkrar framfarir sem náðst hafa í baráttunni gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum.

**UMHVERFI** Loftslagsbreytingar af mannavöldum gera það að verkum að á næstu áratugum verður æ erfiðara og dýrara að útvega fæðu handa íbúum jarðarinnar.

Þetta er ein af helstu niðurstöðum nýjustu loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna, sem kom út í gær. Skýrslan er í 32 bindum og samtals um 2.600 blaðsíður.

Þetta er fimmta heildarskýrslan um áhrif og orsakir loftslagsbreytinga sem birt hefur verið frá árinu 1990. Athygli vekur að í þessari skýrslu eru fleiri varnaglar slegnir en í fyrri skýrslum og jafnframt eru dregnar fram fréttir af framförum sem orðið hafa vegna baráttunnar gegn losun gróðurhúsalofttegunda.

Í skýrslunni er að finna enn ítarlegri og nákvæmari greiningu á áhrifum og orsökum hlýnunar loftslags á jörðinni en gerðar voru í fyrri skýrslum. Hundruð vísindamanna hafa undanfarin þrjú ár unnið við að taka saman efni í skýrsluna, endurskoða það og fara yfir fjölmargar athugasemdir sem borist hafa, meðal annars frá stjórnvöldum víða um heim.

Áhrifin af loftslagsbreytingunum eru sögð verða alvarleg og þau muni hafa æ meiri áhrif á líf allra jarðarbúa eftir því sem líða tekur á þessa öld. Meðal annars má búast við auknum veðuröfgum, flóðum og fárviðrum ásamt þurrkum og hitabylgjum.

Sérstök athygli er vakin á þeirri hættu sem stafar af því að breytingarnar muni hafa mikil áhrif á matvælaöryggi fólks. Verð á matvælum muni hækka og erfitt verði að glíma við fæðuskort á sumum fátækustu svæðum heims.

Búast megi við því að fátækt aukist, ekki aðeins á þeim svæðum þar sem fátækt er nú þegar mikil heldur einnig í auðugri ríkjum jarðar.

„Við lifum nú á tímum þar sem loftslagsbreytingar eru ekki neinar framtíðarvangaveltur,“ hefur AP-fréttastofan eftir Chris Field, vísindamanni frá Kaliforníu, en hann hafði yfirumsjón með gerð skýrslunnar. „Við erum nú á þeim stað að áhrifin af loftslagsbreytingum eru orðin útbreidd og afleiðingarnar eru nú þegar orðnar miklar.“ gudsteinn@frettabladid.is



**ÞURRKUR Á HAÍTI** Fátækari svæði heims verða að öllum líkindum verst úti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**„Við lifum nú á tímum þar sem loftslagsbreytingar eru ekki neinar framtíðarvangaveltur.“**

*Chris Field, vísindamaður frá Kaliforníu*

## Hafstraumar í Norður-Atlantshafinu

Hringrás hafstrauma í Norður-Atlantshafinu færir hlýjan hafstraum til norðurs. Stöðvist hringrásin mætti búast við að miklir kuldar, hálfgerð ísöld, verði hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Úr niðurstöðum skýrslunnar:

- Mjög líklegt að hringrás hafstrauma í Norður-Atlantshafinu veikist á þessari öld.
- Líklegt að hringrás hafstrauma í Norður-Atlantshafinu hafi veikst eitthvað árið 2050.
- Mjög ólíklegt að hringrásin í Norður-Atlantshafinu taki róttækum breytingum eða stöðvist á þessari öld.

Fyrsta kvenkyns borgarstjóra Parísar líkt við stálhnefa í flauelshanska:

# Hidalgo borgarstjóri í París

**FRAKKLAND** Anne Hidalgo var kosin borgarstjóri Parísar á sunnudag fyrst kvenna.

Hidalgo tekur við af Bertrand Delanoë, sem hefur verið við stjórnvölinn í 12 ár. Hidalgo er fulltrúi Sósíalistaflokksins, en helsti keppinautur hennar var Nathalie Kosciusko-Morizet, frambjóðandi Íhaldsflokksins.

Hlaut Hidalgo 54,5% atkvæða en Kosciusko-Morizet 45,5% atkvæða. Vinir og vandamenn lýsa henni sem heiðarlegri, alvarlegri og hógværri. Samstarfsmenn hennar segja hana ákveðna og harðgerða undir niðri, og líkja henni við stálhnefa klæddan í flauelshanska.

Hidalgo lofaði miklum fjárfestingum borgarinnar í húsnæði, samgöngum og grænum svæðum innan borgarinnar, með það að markmiði að stöðva brottflutning verkafólks og millistéttarfólks. Áætlar hún að byggja 10 þúsund félagsleg íbúðir og skapa pláss fyrir fimm þúsund leikskólabörn. - kóh



**FÖGNUÐUR** Hidalgo fagnar sigri á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**Audi A1** Spb. 1.6 TDI Str.
Árgerð 2013, dísil Ekinn
7.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**3.990.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**VW Passat Alltrack**
**4motion** Árgerð 2012, dísil
Ekinn 27.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 5.990.000,-**



**VW Tiguan** Trend&Fun TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 54.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 4.750.000,-**



**Audi A4** 2.0 S-line At 130 hö
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 127.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.490.000,-**



**MMC Pajero** 3.2 GLS
Árgerð 2005, dísil
Ekinn 188.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.590.000,-**



**MMC Colt**
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 70.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 890.000,-**



**Skoda Rapid** Amb. 1.2 Tsi
**63 kw** Árgerð 2013, bensín
Ekinn 28.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.840.000,-**



**Fiat** 500 LOUNGE
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 11.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.390.000,-**



**Toyota Yaris** 1300 Sol
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 82.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 1.190.000,-**




**Audi A4** Avant 2,0TDI
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 45.500 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 4.790.000,-**




**Mitsubishi** ASX 4x4 1.8
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 28.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 3.950.000,-**




**Skoda Superb** 1.8T
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 150.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 1.690.000,-**




**VW Golf** Trend TDi
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 64.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.750.000,-**




**Volvo V50**
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 133.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 1.790.000,-**




**Toyota Corolla** 1,4 VVTI
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 99.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 1.390.000,-**




**Hyundai I30** Classic
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 87.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 1.720.000,-**




**Chevrolet Lacetti** 1800
**Station** Árgerð 2005, bensín
Ekinn 93.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 950.000,-**

## Kíkið inná:
**heklanotadirbilar.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Ný könnun Jyllands-Posten:

## Fjórðungur vill banna vændi

**DANMÖRK** Aðeins 25 prósent Dana vilja að vændi verði bannað. Meirihluti Dana telur að bann dragi ekki úr kaupum á kynlífsþjónustu. Þetta eru niðurstöður könnunar á vegum Jyllands-Posten.

Evrópuþingið vill banna sölu á kynlífsþjónustu í allri Evrópu. Evrópskir rannsóknaraðilar og 560 samtök hafa hins vegar sent frá sér sameiginlega ályktun þar sem lýst er yfir vilja til að vændi verði löglegt. Það vill einnig stjórnarandstaðan í Danmörku. **- ibs**

Vilja fá Bjarnarflag tekið úr nýtingarflokki rammaáætlunar um orkunýtingu:

## Mývatn sagt eiga að njóta vafans

**UMHVERFISMÁL** Skorað er á umhverfis- og auðlindaráðherra að taka Bjarnarflagsvirkjun úr nýtingarflokki rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða í ályktun aðalfundar Fjöreggs, félags um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit.

„Fundurinn telur að til grundvallar þeirri ákvörðun að setja virkjunina í nýtingarflokk hafi legið ófullnægjandi og úrelt mat á mögulegum afleiðingum virkjunarinnar,“ segir í tilkynningu. Enn fremur megi ætla að í litlu sem engu hafi verið litið til þess hve mikil röskun sé þegar orðin á vistkerfi Mývatns.

Bent er á að við gerð umhverfismats árið 2003 hafi ekki legið fyrir niðurstöður rannsókna „á þeim djúpu sveiflum sem einkennt hafa lífríki Mývatns frá árinu 1970 og hafa smám saman leitt til silungsleysis í vatninu“. Þá hafi sendinefnd Ramsar-skrifstofunnar í heimsókn sinni hingað í fyrrasumar tekið undir áhyggjur af áhrifum virkjunarinnar á vistkerfi Mývatns. **- óká**



**Í BJARNARFLAGI** Aðalfundur Fjöreggs bendir á að Mývatn sé tilnefnt Ramsarsvæði og eigi að njóta vafans þegar kemur að óafturkræfum umhverfisáhrifum vegna framkvæmda. MYND/BJÖRN P.

Eldur í húsi á Eyrarbakka:

## Kviknaði í út frá þvottavél

**LÖGREGLUMÁL** Slökkvilið, sjúkralið og lögregla voru kölluð til á Eyrarbakka vegna elds sem þar kom upp í mannlausu íbúðarhúsi fyrir klukkan ellefu í gærmorgun.

Fram kemur í tilkynningu lögreglu að talsverður reykur hafi verið innandyra. Greiðlega hafi hins vegar tekið að slökkva eldinn, sem við fyrstu sýn hafi verið talið að kviknað hafi út frá þvottavél. Hefja átti rannsókn á eldsupptökunum um leið og búið væri að reykræsta húsið. **- óká**




# Afhenda kjörskrá þótt vafi leiki á lögmætinu

Innanríkisráðuneytið segist gera ráð fyrir að samkvæmt venju fái stjórnmálaflokkar afhenta kjörskrárstofna fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar þótt Þjóðskrá og Persónuvernd telji lagaheimild skorta. Í þágu lýðræðisins segir ráðuneytið.

**STJÓRNSÝSLA** Persónuvernd segir vafa leika á því hvort Þjóðskrá Íslands sé heimilt að afhenda afrit kjörskrárstofna til stjórnmálaflokka.

Í bréfi til Persónuverndar segir Þjóðskrá að innanríkisráðuneytið hafi falið stofnuninni að afhenda stjórnmálaflokkum afrit af kjörskrárstofnum fyrir alþingiskosningar auk lista og límmiða um tiltekna hópa kjósenda, til dæmis þá sem kjósa í fyrsta sinn. Þar komi fram lögheimili, kyn, nafn og kennitala einstaklinga með kosningarétt. Þjóðskrá telji engin ákvæði í lögum heimila afhendingu kjörskrárstofna til annarra en sveitarstjórna.

Auk þess sem afhendingin eigi sér ekki lagastoð samræmist hún ekki tilgangi kjörskrárstofna. Kjósendur njóti mögulega ekki verndar samkvæmt reglum um bannskrá þegar stjórnmálaflokkarnir noti kjörskrárstofnana sem úthringilista.

Innanríkisráðuneytið segir í svarbréfi til Persónuverndar að í aðdraganda alþingiskosninganna í fyrra hafi forsætisráðuneytið óskað eftir að innanríkisráðuneytið fæli Þjóðskrá, samkvæmt hefð, að afhenda stjórnmálasamtökum kjörskrárstofnana.

Um lögmæti afhendingarinnar segir innanríkisráðuneytið að áratugum saman hafi tíðkast að afhenda stjórnmálasamtökum sem hyggist bjóða fram afrit kjörskrárstofna. „Þó ekki sé kveðið á um þessa afhendingu með skýrum hætti í kosningalöggjöfinni byggir hún á langri og ríkri hefð í samskiptum stjórnarráðsins og stjórnmálasamtaka sem hyggjast bjóða fram og hefur þar verið gætt fyllsta jafnræðis milli framboðsaðila,“ segir ráðuneytið sem kveður það „í þágu lýðræðisins að auðvelda þeim sem bjóða sig fram í kosningum að ná eyrum kjósenda“.




**Á KJÖRSTAÐ** Stjórnmálaflokkar sem bjóða fram og þess óska fá afhenta kjörskrárstofna í aðdraganda kosninga samkvæmt hefð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Í þágu lýðræðisins að auðvelda þeim sem bjóða sig fram í kosningum að ná eyrum kjósenda.**
>
> *Innanríkisráðuneytið.*

Innanríkisráðuneytið bætir við að í ljósi efasemda Þjóðskrár Íslands muni ráðuneytið kanna við endurskoðun kosningalöggjafarinnar hvort þurfi að kveða á um það með skýrum hætti að afhending gagnanna sé heimil. Því verði þó ekki lokið fyrir sveitarstjórnarkosningar 31. maí. „Ráðuneytið gerir því ráð fyrir því að framboðsaðilum við sveitarstjórnarkosningar verði að öllu óbreyttu afhent umrædd gögn með sama hætti og verið hefur, komi fram beiðni um slíkt.“

Persónuvernd segir hvergi í lögum vikið að afhendingu kjörskrárstofna til annarra en sveitarstjórna. „Í ljósi þess að slíkt ákvæði skortir telur Persónuvernd vafa leika á um að miðlunin sé heimil.“ **gar@frettabladid.is**




MATREIÐSLU-NÁMSKEIÐ

EINFALT, HOLLT OG FLJÓTLEGT – AF ÞVÍ AÐ ÞÚ SKIPTIR MÁLI!

Þriðjudagurinn 8. apríl 7.600 kr.

**SIF GARÐARSDÓTTIR**
Sif Garðarsdóttir er heilsumarkþjálfi og einkaþjálfari með yfir 15 ára reynslu.

Nánari upplýsingar og skráning:
sifg@hotmail.com
www.sifgardars.is

**LANGAR ÞIG AÐ LÆRA AÐ BÚA TIL NÆRINGARRÍKA OG FLJÓTLEGA FÆÐU?**

**Hráfæði – Þeytingar – Ofurfæði**
Lærðu að búa til kraftmikinn morgunmat, millimál, þeytinga, mjólkurlausa mjólk, hráfæði, aðalrétti, eftirrétti og ís.

**Sýnikennsla og fræðsla.**
Eingöngu er notast við algeng eldhúsáhöld, matvinnsluvél og blandara við matseldina.

Allir fara saddir og sælir heim með glænýtt uppskriftasafn auk þess sem Facebook-hópur verður stofnaður þar sem hægt er að spyrja spurninga og deila reynslu eftir námskeiðið.

**HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 18:30-21:00**

„Fróðlegt og skemmtilegt námskeið sem sýnir manni að það þarf alls ekki að vera flókið eða tímafrekt að útbúa hollan og bragðgóðan mat og millimál.“
**– Karen Lilja Sigurbergsdóttir**



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 65587 04/14




VOX Restaurant býður til veislu í enskum anda dagana 4. til 5. apríl. Okkur hefur hlotnast sá heiður að fá í heimsókn snilling og meistarakokk sem mikið orð fer af á bökkum Thames. Nú er tækifæri til að njóta þess í Reykjavík sem freistar fágaðra bragðlauka í London.

Þúsundir Íslendinga fljúga á hverju ári til London með Icelandair. Í fáum heimsborgum er úrvalið jafn fjölbreytt þegar kemur að frábærum veitingastöðum hvaðanæva að úr veröldinni. Hvort sem þú ert einn af þeim sem eru að hugsa um að skella sér til London með Icelandair eða ert nú þegar búinn að bóka, þá er tilvalið að upplifa hátíðarmáltíð að heimsborgarhætti á VOX Restaurant.

+ Líttu á matseðilinn og fáðu að vita meira á www.vox.is

VOX RESTAURANT

ICELANDAIR

Ástralar unnu mál sitt gegn hvalveiðum Japana fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag í gær:

# Japönum bannað að veiða í Suður-Íshafinu

**JAPAN** Alþjóðadómstóllinn í Haag kvað í gær upp þann úrskurð að hvalveiðar Japana í Suður-Íshafinu brjóti í bága við alþjóðasamning um stjórnun hvalveiða.

Japanar verði því án tafar að hætta þessum veiðum og ógilda öll veiðileyfi sem gefin hafa verið út.

Ástralía kærði Japan til dómstólsins vegna hvalveiða Japana í Suður-Íshafinu, sem sagðar voru stundaðar í vísindaskyni þótt hvalkjötið hafi síðan verið selt á almennum markaði.

Dómstóllinn tekur undir með Áströlum um að vísindalegt mikilvægi veiðanna sé lítið sem ekkert, og því geti Japanar ekki haldið veiðunum áfram undir því yfirskini.

Íslendingar stunduðu hvalveiðar í vísindaskyni um skeið en hófu í nokkrum mæli veiðar í atvinnuskyni árið 2006, enda viðurkenna Íslendingar, ekki frekar en Norðmenn, bann Alþjóðahvalveiðiráðsins við veiðum í atvinnuskyni. Norðmenn hafa stundað veiðar í atvinnuskyni frá árinu 1993.

Fréttablaðið hefur fengið staðfestingu frá íslenskum stjórnvöldum þess efnis að þessi úrskurður hafi engin áhrif á þær hvalveiðar sem nú eru stundaðar af Íslendingum.

Úrskurður Alþjóðadómstólsins snertir ekki hvalveiðar Japana á öðrum hafsvæðum, en þeir stunda vísindaveiðar í norðanverðu Kyrrahafinu og hafa einnig undanþágu til takmarkaðra veiða við strendur Japans.

Japanar hafa árlega veitt um þúsund hvali í Suður-Íshafinu. **- gb**



**HVALVEIÐAR** Hrefna hífð um borð í japanskt hvalveiðiskip. MYND/AP

Tilraun á dönsku sjúkrahúsi:

## Sjúklingar fá sælkerafæði

**DANMÖRK** Árangurinn af því að gefa vannærðum sjúklingum á Herlevs-sjúkrahúsinu í Danmörku sælkerafæði var svo góður að hópur útskrifaðra sjúklinga getur nú fengið slíkt fæði sent heim frá sjúkrahúsinu sér að kostnaðarlausu í tólf vikur. Þeir geta pantað fæði af 24 rétta matseðli sem settur var saman af næringarfræðingi og Michelin-kokki.

Yfirvöld telja að spara mætti milljarð danskra króna á ári ef sjúklingar yrðu þyngri. **- ibs**






**ELDISLAX** Allur lax sem alinn er við Ísland er af norsku kyni. Fiskurinn sem slapp var í sláturstærð; þrjú til fimm kíló. STÖÐ2/SIGURJÓN

# 200 eldislaxar sluppu úr kví í Patreksfirði

Lítil slysaslepping varð hjá Fjarðalaxi í nóvember þegar 200 eldislaxar sluppu úr sláturkví. Enginn lax veiddist aftur. Eldisstjóri fyrirtækisins segir útilokað að laxinn gangi í laxveiðiár. Lax hefur ekki sloppið úr kvíum á Íslandi árum saman.

**FISKELDI** Laxar sluppu fyrir slysni úr sláturkví Fjarðalax í Patreksfirði í nóvember síðastliðnum. Um 200 fullvaxta laxar sluppu, áætla starfsmenn fyrirtækisins. Enginn lax veiddist aftur þótt laxanet væru sett í sjó samdægurs og látin liggja í tíu daga eftir atvikið.

Jónatan Þórðarson, eldisstjóri Fjarðalax, segir að atvikið hafi orðið í afar slæmu veðri 27. nóvember þegar sláturskipið Arnarfell HF-90 kom að kvíunum um morguninn. Áhöfnin byrjaði að festa skipið eins og venja var en átti í vandræðum með festingu sem slitnaði, með þeim afleiðingum að báturinn snerist og lenti stefnið þvert á kvínni með þeim afleiðingum að hún skemmdist og gat kom á pokann sem heldur fiskinum inni. „Þetta voru 200 fiskar sem sluppu. Við vitum það með mikilli nákvæmni því mjög lítið var eftir í kvínni,“ segir Jónatan.

Slysasleppingar úr laxeldi hafa verið nokkuð í umræðunni hér á Íslandi og erlendis, en sjóeldi á laxi er af mörgum litið hornauga vegna hugsanlegrar hættu á erfðablöndun norska eldiskynsins sem hér er notað og villtra íslenskra stofna.

Jónatan segir umræðuna á villigötum og hættuna af erfðamengun frá eldisfiskinum hverfandi litla. „Í þessu tilfelli er magnið lítið og fiskurinn er ókynþroska. Hans eðli er að synda undan straumi þannig að þessir fiskar munu drepast í sjó,“ segir Jónatan og bætir við: „Þessi framandi eldislax sem við erum með verður svo seint kynþroska að hann myndi aldrei ganga í laxveiðiá fyrr en mörgum árum eftir að hann sleppur. Því eru líkurnar á því að hann drepist í sjó í millitíðinni yfirþyrmandi miklar.“

Fjarðalax greip til þess ráðs eftir atvikið að bæta festingar og auka með þeim eftirlit. Nýjar og sterkari sláturkvíar voru teknar í notkun svo og nýir pokar úr „sterkasta efni sem völ er á“ í þessari starfsemi, eins og segir í skýrslu Fjarðalax til Fiskistofu.

> **Í þessu tilfelli er magnið lítið og fiskurinn er ókynþroska. Hans eðli er að synda undan straumi þannig að þessir fiskar munu drepast í sjó.**
>
> *Jónatan Þórðarson, eldisstjóri Fjarðarlax*

Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri hjá Fiskistofu, segir aðspurður að atvikið sé það eina sem er á skrá Fiskistofu frá síðastliðnum fimm árum. Leita verði mörg ár aftur til að finna stórar slysasleppingar, en þar sem laxeldi í sjó hefur verið lítið við Ísland hafi ekki verið við því að búast að atvik sem þessi kæmu upp.

svavar@frettabladid.is

Smyglarar kaupa býli í Svíþjóð og flytja varning frá þeim til Noregs:

# Geyma áfengi við landamærin

**NOREGUR** Smyglarar hafa keypt lítil býli í Svíþjóð undir smyglvarning sem þeir flytja svo í skömmtum til Noregs. Norska ríkisútvarpið vitnar í ummæli Rogers Nilsson, yfirmanns sænska tollsins í Hån í Svíþjóð, sem áætlar að á hverjum degi sé um fimm þúsund lítrum af áfengi smyglað til Noregs yfir landamærin við Värmland í Svíþjóð.

Nilsson segir að í hverjum farmi séu eitt til tvö þúsund lítrar af áfengi. Hann kveðst vonast til að nágrannar smyglaranna geri tollyfirvöldum viðvart í meira mæli en verið hefur.

Starfsmaður norskra tollyfirvalda, Wenceh Fredriksen, staðfestir frásögn Nilssons. Hún segir mikið um að þeir sem smygla áfengi til Noregs í gegnum Svíþjóð geymi það nálægt landamærunum. Smyglarar sem hafi verið gripnir hafi greint frá því að áfengið hafi verið sótt í birgðageymslur í Svíþjóð.

Fyrstu tvo mánuði ársins lögðu norskir tollverðir hald á tvöfalt meira magn af bjór heldur en á sama tíma í fyrra. Smygl á víni og sterku áfengi hefur einnig aukist.

Síðastliðinn föstudag fundust 800 lítrar af bjór og 150 lítrar af sterku áfengi í bíl pólsks ökumanns. **- ibs**



**ÁFENGI** Mörgum þúsundum lítra af áfengi er daglega smyglað milli Noregs og Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 65587 04/14



# BÆTTU SMÁ BRAGÐI AF LONDON Í LÍF ÞITT

## Agnar Sverrisson á VOX Restaurant 4.-5. apríl

**Nýupptekinn enskur spergill**
Grafinn lax, sinnep, gúrka, rúgbrauð

**Enskar dvergrauðbeður**
Geitaostur, snjór, hafrar, lauf

**Kóngakrabbi, hörpuskel**
Kókoshneta, engifer, sítrónugras, kóríander

**Íslenskur þorskur**
Reykur, blómkál, súrur, úthafsrækja

**Kornalið bandarískt rib eye**
Myrkilsveppir, piparrót, ólívuolíubernaise, vatnakarsi

**Rabarbari, skyr**
Krap, ís, minta

### Gestakokkur á Londondögum

Agnar Sverrisson, íslenski meistarakokkurinn frá London, heimsækir VOX Restaurant og fer með konungsvald í eldhúsinu á drottninglegum Londondögum 4. til 5. apríl.

Veitingastaðurinn Texture í London verður á VOX föstudaginn 4. og laugardaginn 5. apríl. Þar mun eigandi staðarins, íslenski meistarakokkurinn Agnar Sverrisson, matreiða ljúffengar Lundúnakræsingar. Texture státar af Michelinstjörnu og hefur hlotið fjölmörg verðlaun. Staðurinn er nútímalegur með skandinavískar áherslur og markmiðið að veita einstaka veitingahúsaupplifun. Það verður því eflaust óviðjafnanlegt að fá að kynnast meistararéttunum frá Agnari og teyminu á VOX.

+ **Borðapantanir í síma 444-5050 og á vox@vox.is**

**Verð matseðils kr. 9.900**
**Verð matseðils með sérvöldum vínum kr. 19.800**

VOX RESTAURANT

ICELANDAIR



4G LTE

**1.000 kr.** notkun í 6 mánuði fylgir!

**iPhone 5c** 16GB

**89.990 kr.** stgr.

**5.490 kr.** /18 mán.



4G LTE

**1.000 kr.** notkun í 12 mánuði fylgir!

**iPhone 5s** 16GB

**109.990 kr.** stgr.

**6.690 kr.** /18 mán.

# NÝJUSTU SMELLI

## SJÁLFSMELLU-HNAPPUR

**1.990 kr.** stgr.

Fullt verð: **2.490 kr.**

HISY þráðlaus myndavéla-hnappur fyrir iPhone (iOS 7).




**Nýtt hjá Nova!**




## BÍÓKORT

**3.790 kr.** stgr.

Gildir fimm sinnum í bíó!



**Urbanears**

**11.990 kr.** stgr.

Margir litir fáanlegir.



**Bagis heyrnartól**

**5.990 kr.** stgr.



**Xqisit bluetooth** hátalari

**5.990 kr.** stgr.

Bara svo miklu betra hljóð.
Fáanlegir í fjórum litum.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri. Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Símnotkun fylgir 0 kr. Nova í Nova og umframnotkun í Súper Nova, áskrift og frelsi. Sjá, verðskrá á nova.is.



**iPad mini** 16 GB, WiFi

**49.990 kr.** stgr.

**2.990 kr.** /18 mán.



**Samsung Galaxy Tab 3** 7“ WiFi

**29.990 kr.** stgr.

**2.790 kr.** /12 mán.

# RNIR HJÁ NOVA!



**Polar Loop snjallband**

**19.990 kr.** stgr.



**Nike+ FuelBand SE**

**29.990 kr.** stgr.

**4G** LTE

**1.000 kr.** notkun í 3 mánuði fylgir!



**LG G2**

**79.990 kr.** stgr.

**4.890 kr.** /18 mán.

**4G** LTE

**1.000 kr.** notkun í 3 mánuði fylgir!



**Samsung Galaxy S4 Plus**

**99.990 kr.** stgr.

**5.990 kr.** /18 mán.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Fordómar gegn fötluðum eru útbreiddir:

# Næsta barátta

Viðtal í helgarblaði Fréttablaðsins við Emblu Guðrúnar Ágústsdóttur var lærdómsrík lesning. Embla, sem er fötluð, segir að fötlunin hái henni ekki; það séu fordómar samfélagsins gagnvart fötluninni sem séu vandamálið.

„Það sem hefur markað líf mitt eru fordómar. Fötlunin sem slík hefur ekki markað líf mitt því ég hef aldrei verið ófötluð,“ segir Embla í viðtalinu. „Oft gleymi ég því að ég er fötluð en man það um leið og ég fer út því allir glápa á mig eða enginn talar við mig. Fólk fattar ekki að það er vandamálið en ekki að ég geti ekki hlaupið eða þurfi aðstoð við dagleg verkefni.“



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Embla bendir á að fordómar gagnvart fötluðu fólki séu flókið fyrirbæri, því að þeir þyki í lagi og fólk skilji þá oft ekki nema finna það á eigin skinni: „Það er pólitískt rétt að vorkenna fötluðu fólki. Okkur er kennt að vera góð við þá sem minna mega sín en birtingarmynd þessarar gæsku er mjög erfið fyrir sjálfsmyndina. Ég hef aldrei fengið að vera fullorðin. Mér er klappað á kinnina eins og smábarni og ég þyki svo krúttleg. Það er talað við mig með blíðri krúttröddu, ef það er þá yrt á mig. Þegar ég fer út í búð þá er vinkona mín spurð: „Vill hún poka?““

Fordómar gegn fötluðum voru líka til umræðu á ráðstefnu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar í síðustu viku, um hlutverk fjölmiðla og ábyrgð á samfélagsþátttöku fatlaðra. Kristín Björnsdóttir, dósent í fötlunarfræðum, benti þar á að fjölmiðlar féllu oft í þá gryfju að draga upp staðalmyndir af fötluðum; annaðhvort sem hetjum eða fórnarlömbum. „Hetjurnar eru þá fólk sem er að gera eitthvað sem við eigum ekki von á að það geti gert. Þó við höfum öll gaman af hetjum eru þær ekki beint lýsandi fyrir daglega reynslu fatlaðs fólks og fórnarlömbin eru það ekki heldur,“ sagði Kristín í samtali við Vísi. Okkur fjölmiðlafólkinu er hollt að íhuga þetta vel. Fatlað fólk þarf ekki endilega „hetjur“ sem fyrirmyndir, heldur fólk sem er fatlað og gerir venjulega hluti sem venjulegt fólk gerir.

Á ráðstefnu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar var þeirri spurningu velt upp hvort næsta stóra umræða um mannréttindamál á Íslandi yrði umræðan um réttindi fatlaðra. Undanfarna áratugi hefðu fjölmiðlar sett kastljósið annars vegar á jafnrétti kynjanna og hins vegar réttindi samkynhneigðra og mikilvægir sigrar unnizt á báðum sviðum. Hins vegar væru réttindi enn brotin á fötluðum í stórum stíl.

Að sumu leyti kann þetta að verða erfið umræða, af því að hún snýst að einhverju leyti um peninga, sem alltaf eru af skornum skammti. En að stórum og jafnvel stærstum hluta snýst hún um fordóma, tillits- og hugsunarleysi, sem margir fatlaðir reka sig á. Nýlegt dæmi er af endurhönnun Hverfisgötunnar í Reykjavík fyrir hundruð milljóna, þar sem „gleymdist“ að gera ráð fyrir aðgengi fatlaðra að verzlunarhúsnæði.

Fáum dettur orðið í hug að halda því fram að kona geti ekki orðið flugmaður eða forsætisráðherra eða að samkynhneigt fólk geti ekki gifzt og eignazt börn. Fatlaðir búa hins vegar margir enn við að vegna þess að þeir eru aðeins öðruvísi en meirihlutinn sé gengið út frá því að þeir geti ekki það sem aðrir geta og séu þá „hetjur“ ef það tekst.

„Mig langar svo að komast á þann stað að okkur detti ekki í hug að tala svona eða koma svona fram við fatlað fólk,“ segir Embla Guðrúnar Ágústsdóttir. Leiðin á þann stað er næsta stóra mannréttindabarátta.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## Stóra aprílgabbið

Uppnám varð undir kvöldmat á Alþingi í gær þegar það spurðist að ríkisstjórnin væri hætt við að mæla fyrir skuldaleiðréttingarfrumvörpum sínum í dag. Stjórnarandstæðingum og miklu fleirum datt í hug að málið væri aprílgabb. Helgi Hjörvar þingmaður Samfylkingarinnar hélt beinskeytta ræðu og sagði það afar skrítið að ráðherrar hefðu brýnni verkefnum að sinna en mæla fyrir frumvörpum sem snúast um 150 milljarða króna. Helgi sagði að sennilega væru ráðherrar eitthvað viðkvæmir fyrir dagsetningunni. Helgi sagði raunar að málið væri grafalvarlegt – það væri ekki staðið við vikugamalt samkomulag um að taka skuldaleiðréttingarmálin á dagskrá í dag sem þýddi að þau tefðust um heila viku. Katrín Jakobsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, gagnrýndi málið harkalega og sagði að það hefði orðið að segja sér það í þrígang að málið færi ekki á dagskrá í dag. Kannski ætti að gefa þingheimi frí fyrsta apríl ef ráðherrar og þingmenn eru hræddir um að menn geri gys að málatilbúnaði þeirra þann dag.



## Að lögbinda lágmarkslaun

Þrír þingmenn Vinstri grænna, þeirra á meðal Steingrímur J. Sigfússon, hafa lagt fram frumvarp um lögbindingu lágmarkslauna. Tilgangurinn er að innleiða og viðhalda þeirri tilhögun að lægstu grunnlaun á íslenskum vinnumarkaði nægi til einstaklingsframfærslu samkvæmt landsmeðaltali dæmigerðs neysluviðmiðs og að bein tengsl séu á milli lágmarkslauna og framfærslukostnaðar eins og segir í frumvarpinu. Nú er stutt síðan sami flokkur var í ríkisstjórn og þá hefði honum verið lófa lagið að berjast fyrir því að setja lög um að lágmarkslaun ættu að vera það rausnarleg að þau dygðu fyrir framfærslu.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Makríll og rækja, einstakt tækifæri til þjóðarsáttar

SJÁVARÚTVEGUR



Bolli Héðinsson

hagfræðingur

Makríllinn við Ísland og rækjan í Ísafjarðardjúpi bjóða upp á einstakt söguleg tækifæri til að stíga fyrstu skrefin í að skapa sátt milli þjóðar og sjávarútvegs. Báðar þessar tegundir koma brátt til kvótaúthlutunar svo sögulega tækifærið skapast vegna takmarkaðrar veiðireynslu undangenginna ára og því ekki til neins að vísa í fortíð við úthlutun aflaheimilda til framtíðar. Þetta gerir yfirvöldum auðveldara um vik að láta útgerðir greiða sanngjarna leigu fyrir afnot þessara eigna þjóðarinnar með útboði veiðiheimilda. Vegna óvissu um framhald þessara veiða næstu árin væri heppilegra fyrir útgerðirnar að þurfa ekki að bjóða í heimildir nema til 1-3ja ára í senn.

### Nákvæmar útfærslur kvótauppboða

Torbjörn Trondsen, prófessor í sjávarútvegsfræðum við háskólann í Tromsö, hélt nýlega erindi við HÍ þar sem hann fór yfir nokkrar þeirra aðferða sem hægt er að nota við úthlutun fiskveiðiheimilda með opnu útboði. Í tilviki rækjunnar og makrílsins eru leiðirnar einfaldar og úthugsaðar en krefjast eftirlits af hálfu hins opinbera til að hindra samráð tilboðsgjafa. Verði síðan haldið áfram á braut útboða veiðiheimilda þá koma fleiri aðferðir og blandaðar leiðir til álita. Þar mætti nýta reynslu sem fengin er víða að úr veröldinni um hvað beri að varast og hvernig slíkum útboðum yrði best fyrir komið án nokkurrar áhættu fyrir fyrirtækin.

### Afþakkar ríkisstjórnin milljarðana?

Viðbúið er að þær útgerðir sem þegar hafa reynt fyrir sér séu líklegastar til að hljóta þann kvóta sem boðinn verður út. Ekkert útgerðarfyrirtæki mun því fara í þrot við þessar aðgerðir þar sem við getum væntanlega treyst því að þau bjóði ekki í kvóta umfram það sem greiðslugeta þeirra leyfir.

Íslenskar útgerðir munu á komandi makrílvertíð með glöðu geði greiða Færeyingum og Grænlendingum svimandi háar fjárhæðir fyrir hvert tonn af makríl sem þeir veiða innan lögsögu þessara ríkja. Því skyldu þessar sömu útgerðir fá afhentan makrílkvóta við Ísland án endurgjalds? Útboð á heimildum til makrílveiða við Ísland gæti skilað milljörðum í ríkissjóð. Varla slær ríkisstjórnin hendinni á móti þeim?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Álfrún Pálsdóttir alfrun@frettabladid.is VIÐSKIPTI: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is MENNING: Friðrika Benónýsdóttir fridrikab@frettabladid.is DÆGURMÁL: Lilja Katrín Gunnarsdóttir liljakatrin@frettabladid.is VÍSIR: Kolbeinn Tumi Daðason, kolbeinntumi@365.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Okkur líður verr…

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá hinu svokallaða hruni og við heyrum af því fréttir að landið sé að rísa hægt og rólega á hinum ýmsu sviðum. Það er gott ef maður trúir því og líklega má til sanns vegar færa að svo sé víða. Ef við horfum til heilsufars Íslendinga þá koma fram efasemdir um að við séum á réttri leið, sérstaklega ef rýnt er í skýrslu Landlæknisembættisins um heilsu og líðan. Rétt er að geta þess að sú rannsókn er fyrst og fremst lýsandi og sömuleiðis að hún tekur til ársins 2012 og hefur til samanburðar árin 2007 og 2009 svo upplýsingarnar eru ekki glænýjar.

Þróunin er góð og ánægjuleg á nokkrum sviðum, sér í lagi ef litið er til áfengis-, tóbaks- og vímuefnaneyslu en mögulega er efnahagslegt samhengi þar hluti skýringarinnar sem myndi aftur dekkja heildarmyndina, kjósi maður að horfa þannig á hlutina. Í könnuninni kemur nefnilega vel fram að talsverður fjöldi einstaklinga hefur neitað sér um læknisfræðilega aðstoð sökum kostnaðar, sérstaklega yngri hópurinn, sem hefur þá mögulega forgangsraðað öðruvísi en ella.

Ekki var spurt um það sérstaklega hvers vegna áfengis- og tóbaksneysla hefur minnkað. Vafalítið spila þar efnahagslegir þættir inn í, en við skulum vona að meirihluti þessa árangurs sé sökum þess hversu skynsamt fólk er orðið.

### Aukin síþreyta og vefjagigt

Það sést þegar rýnt er í tölur og töflur skýrslunnar að almenn líðan virðist að einhverju leyti vera verri en áður, sérstaklega í hópnum 18-44 ára, bæði hjá konum og körlum, en einnig yfir línuna. Má þarna nefna aukningu á sviði verkjavanda milli samanburðarára. Spurt er hversu mikil áhrif á daglegt líf ýmis einkenni hafi og er sláandi að sjá versnandi ástand í öllum aldurshópum beggja kynja varðandi skerta hreyfigetu, vöðvabólgu, þrekleysi, verki í höndum, baki og herðum. Þá kemur í ljós að síþreyta og vefjagigt eru að aukast, en þau vandamál eru talsvert bendluð við andlega líðan og jafnvægi.

Það velkist enginn í vafa um það að andlegt álag og streita, sem margsinnis hefur verið rætt um, tengist þróun sjúkdóma. Við virðumst horfa upp á það með beinum hætti í þessari skýrslu að meira og minna öll þessi flögg eru uppi og má tengja þau saman við versnandi líðan. Hinir yngri og hraustari finna fyrir verulega meira álagi, eiga erfiðara með að ná endum saman, upplifa mikið ójafnvægi milli vinnu og einkalífs, allt að 60% upplifa mikið álag við vinnu og hæstu gildi síþreytu, kvíða og þunglyndis eru meðal yngsta hóps kvenna. Þess utan virðist þessi hópur eiga einna erfiðast með að sofna og fá nægan svefn. Til að bæta svo gráu ofan á svart virðast karlar og konur sérstaklega í þessum hópi vera óánægðust með útlit sitt og líkamsbyggingu, ekki beysið það!

### Miðar í öfuga átt

Offita hefur aukist, við sitjum meira á rassgatinu en áður, erum svartsýnni og svona til að króna þetta allt saman eru merki þess að ofnæmi, bólgur, fæðuóþol og viðlíka sé á uppleið hjá báðum kynjum og á öllum aldri. Margt var fyrirsjáanlegt – líkt og að aukning yrði í tengslum við krabbamein, þá fyrst og fremst í hópi eldri einstaklinga. Góðu fréttirnar eru hins vegar að það virðist draga úr hjarta- og æðasjúkdómum sem er fagnaðarefni.

Þessi upptalning er auðvitað til að æra óstöðugan og kannski ekki hægt að heimfæra niðurstöðurnar neitt absolútt yfir á þjóðina. Það er þó ljóst af lestri skýrslunnar, og fyrir þá sem hafa gaman af tölum og súluritum, að okkur virðist miða í öfuga átt á mörgum sviðum. Við erum ekki enn búin að ná viðspyrnu á nándar nærri nógu mörgum af þeim breytum sem mældar eru og betur má ef duga skal. Það þýðir samt lítið að gefast upp þótt á móti blási, en menn verða líka að standa í lappirnar og koma þessum hlutum í lag. Slíkt gerist ekki nema með sameinuðu átaki allra, ekki síst fagfólks sem lætur sér annt um heilsu og líðan samlanda sinna, og réttri forgangsröðun í fjármálum og stefnumörkun hins opinbera. Þjóðin hefur ekki efni á því að sú kynslóð sem á að bera uppi samfélagið næstu áratugina kikni í hnjánum áður en hún er lögð af stað í vegferðina.

# Áskorun til vinnustaða

VINNUVERND
Hildur Friðriksdóttir
mannauðsráðgjafi



Hér með skora ég á stjórnendur fyrirtækja og stofnana að taka umræðu meðal starfsfólks síns, mánudaginn 7. apríl nk., um hvort langvarandi streita sé til staðar hjá starfsfólkinu eða á vinnustaðnum sem heild. Þessi dagsetning er ekki tilviljun heldur er 7. apríl upphafsdagur árlegrar herferðar Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar (European Agency for Safety and Health) um heilbrigða vinnustaði. Að þessu sinni snýr herferðin að streitu og sálfélagslegum áhættuþáttum, sem stjórnendur virðast stundum eiga erfiðara með að átta sig á og vinna með frekar en umhverfis- og öryggismálum.

### 60% fjarvista vegna streitu

Innan Evrópusambandsins er talið að 50-60% veikindafjarvista megi rekja til streitu og annarra sálfélagslegra þátta. Sálfélagslegir áhættuþættir tengjast andlegri og líkamlegri vanlíðan sem rekja má til vinnuaðstæðna og stjórnunarhátta. Margt skiptir máli en til dæmis má nefna erfið samskipti á vinnustað, að gerðar séu of miklar eða of litlar kröfur til starfsmanns miðað við þá þekkingu sem hann hefur, stöðug tímapressa, að geta ekki tekið hlé eftir þörfum, auk fjölmargra annarra þátta.

Streita myndast þegar kröfur í vinnu eru umfram hæfni eða getu starfsmannsins til að standast kröfurnar, hvort sem hann skortir verkfæri, þekkingu, upplýsingar eða úrræði, svo dæmi séu nefnd. Oft má

**➜ Innan Evrópusambandsins er talið að 50-60% veikindafjarvista megi rekja til streitu og annarra sálfélagslegra þátta.**

með litlum eða engum tilkostnaði draga úr streitu og þar með auka vellíðan á vinnustaðnum. Í verkefnavinnu í fyrirlestrum um álag, streitu og kulnun í starfi, sem ég hef haldið á tugum vinnustaða, hefur alltaf sýnt sig að hægt er að draga úr streitu til dæmis með breyttu vinnulagi, markvissara upplýsingaflæði og bættum samskiptum. Þættir sem kosta engin útgjöld heldur einungis breytta hugsun eða viðhorf.

### Tengsl við kvilla og sjúkdóma

Margir átta sig ekki á hversu víðtæk tengsl eru á milli langvarandi streitu og ýmissa sjúkdóma og kvilla, eins og til dæmis verkja í hálsi og herðum, bakverks, höfuðverks, kransæðasjúkdóms, hjartsláttartruflana, þunglyndis, kvíða og síðast en ekki síst svefnerfiðleika. Fólk sem er haldið mikilli og langvarandi streitu er líklegra til að hafa leitað oftar til læknis vegna þessara einkenna og að vera meira fjarverandi frá vinnu vegna veikinda.

Ávinningur þess að skoða hvað veldur streitu á vinnustöðum er því mikill. Stjórnendur sem taka streitu starfsfólks síns alvarlega og vinna að lausnum munu fljótt sjá ánægðara starfsfólk og aukna framleiðni.


## Steypustöðin óskar Hildi og Rúnu til hamingju með bekkinn Klett



Grapevine, í samstarfi við Hönnunarmiðstöð og dómnefnd sem skipuð er aðilum frá Listaháskóla Íslands, Hönnunarmiðstöð, verslunareigendum í Reykjavík og fleirum, veitti Rúnu Thors vöruhönnuði og Hildi Steinþórsdóttur arkitekt viðurkenninguna Award of Excellence fyrir hönnun Kletts.

The Reykjavík Grapevine Design Awards
PRODUCT OF THE YEAR 2013
Runner Up

**Klettur er steinsteyptur útibekkur sem hentar vel í almenningsrými og einkagarða**

- Bekkur með tvær setstöður
- Styrkur, ending og falleg hönnun
- Klettur er til í þremur steypulitum
- Hægt er að fá Klett sérmerktan sveitarfélagi
- Íslensk hönnun







STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir
4 400 400

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is

*Minning*

## ✝ Geir Þorsteinsson

f. 13. september 1931 í Ólafsvík.



Foreldrar ***Þorsteinn Guðmundsson*** f. 16.10. 1895, d. 22.05. 1957. ***Kristín Sigríður Sigurgeirsdóttir*** f. 08.10. 1898, d. 10.05. 1976. Systkini eru ***Guðrún*** f. 08.10. 1920, d. 18.07. 1921, ***Steinunn*** f. 28.06. 1922, d. 28.03. 2004, Sigurður f. 16.01. 1926, d. 28.09. 1998.

Börn Geirs og Eygerðar eru ***Þorsteinn*** f. 30.09. 1956, kona hans er ***Ragnheiður Gunnarsdóttir*** og eiga þau þrjú börn, ***Birnu, Berglind*** og ***Geir***; ***Örn*** f. 06.11. 1959, kona hans er ***Steinunn Hreinsdóttir*** og eiga þau tvö börn, ***Örn Geir*** og ***Eygerði Sunnu***. Örn átti áður þrjú börn, ***Erlu Dís, Lovísu*** og ***Hafdísi***; ***Kristín Sigríður*** f. 05.03. 1968, maður hennar er ***Ársæll Þorleifsson*** og eiga þau tvö börn, ***Gunnar Óla*** og ***Hilmar Þór***.

Geir lærði húsasmíði við Iðnskólann í Reykjavík, fékk sveinsbréf 16. nóvember 1952 og meistararéttindi í húsasmíðum 14. desember 1955. Hann vann fyrst um sinn í Ólafsvík en kom svo suður og byrjaði að vinna í Skipasmíðastöðinni Dröfn í Hafnarfirði hjá tengdaföður sínum, Bjarna Erlendssyni. Hann stofnaði síðan sinn eigin rekstur ásamt Gunnari Bjarnasyni mági sínum, unnu þeir við smíðar á hinum ýmsu byggingum í Hafnarfirði, þar á meðal við stækkun St. Jósefsspítala. Eftir að þeir slitu rekstri fyrirtækisins vann Geir á trésmíðaverkstæði Byggðarverks.

**Útför Geirs Þorsteinssonar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju í dag kl. 13.**

Elsku pabbi, þín verður sárt saknað, fram undan eru okkar samverustundir í Efstabæ í Vaðnesi um páska eins og áður. Uppáhaldstónlistin þín í spilaranum og góður matur með þér og mömmu.

Á þessum tímamótum koma okkur systkinum í huga allar samverustundirnar í sumarbústaðnum, frásagnir þínar af uppruna þínum og æskuárum í Ólafsvík, sögur af sveitastörfum, vinnu í vegavinnunni og margt fleira.

Pabbi okkar kom til Hafnarfjarðar 1957 frá Ólafsvík, þar sem hann og mamma höfðu búið um tíma hjá foreldrum hans.

Þegar pabbi kom suður bjuggu hann og mamma fyrst um sinn hjá ömmu og afa á Suðurgötu 49. Með vinnu sinni í Dröfn hóf hann smíðar á heimili okkar að Álfaskeiði 54. Við bjuggum í kjallaranum en efri hæðina seldi hann. Það lýsir honum vel hve harður hann var alla tíð við sjálfan sig til vinnu. Efnið í húsið flutti hann að mestu leyti á bakinu eða á reiðhjóli frá Dverg upp á Álfaskeið. Við bræðurnir minnumst góðra stunda á Álfaskeiðinu. Árið 1964 flutti fjölskyldan að Þrastahrauni 2, þar fæddist litla systir. Þar byggði pabbi okkur heimili og þar fór vel um okkur öll. Síðar fluttu pabbi og mamma á Hringbraut 2a.

Áhugamál fjölskyldunnar voru meðal annars útilegur og veiðitúrar í Gíslholtsvatni. Ekki má gleyma ferðum okkar til Ólafsvíkur á sumrin að heimsækja ömmu Kristínu og fjölskyldu.

Tæplega fimmtugur fór pabbi að glíma við hjartasjúkdóm. Árið 1981 fór hann til London í sína fyrstu hjartaaðgerð sem heppnaðist vel og síðan 13 árum síðar í aðra hjartaaðgerð á Landspítalanum. Hann glímdi við þessi veikindi frá þeim tíma en bar sig alltaf vel. Þessi veikindi voru til þess að honum var ráðlagt að hætta að vinna um 63 ára aldur.

Pabbi hefur alltaf þurft að hafa eitthvað fyrir stafni þannig að árið 1991, þegar hann átti að fara að slaka á, keyptu mamma og pabbi sumarbústaðalóð í Vaðnesi í Grímsnesi og draumur hans um afdrep í sveitinni varð að veruleika. Fjölskyldan hefur síðan átt margar góðar stundir í Vaðnesi þar sem gamli klappaði hverri spýtu og hélt öllu við eins og honum var einum lagið. Páskar, verslunarmannahelgi og fleiri góðar stundir eru góðar minningar með pabba og mömmu í Vaðnesi.

Ferðin til Portúgals þegar pabbi varð sjötugur er sérstaklega góð minning fyrir okkur öll og oft talað um þá ferð hjá okkur systkinunum, mikið hefur verið horft á myndbönd frá þeirri ferð með mömmu og pabba í bústaðnum.

Við þökkum fyrir allt sem þú kenndir okkur í lífinu, elsku pabbi.
Hvíldu í friði.
Þorsteinn, Örn og Kristín




# Þriðjudagsklassík í klukkustund

**Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Domenico Codispoti píanisti spila á tónleikum í Tónlistarskóla Garðabæjar í kvöld.**

„Þetta er annað árið sem þessir tónleikar eru haldnir. Fyrstu tónleikarnir af þrennum fara fram í kvöld en svo verða þeir næstu tvo mánuðina, fyrsta þriðjudaginn í mánuðinum,“ segir Ingibjörg Guðjónsdóttir, sópransöngkona og listrænn stjórnandi. „Þetta er hugmynd sem fæddist hjá mér því ég tengist bænum. Ég er bæði búsett þar og er með kvennakór svo ég tengist menningunni hér í Garðabæ og langaði að efla hana enn frekar. Þessir tónleikar eru eitthvað sem er gaman fyrir bæjarbúa sem og alla á höfuðborgarsvæðinu.“ Tónleikarnir sem bera nafnið Þriðjudagsklassík eru haldnir í tónleikasal bæjarins sem Ingibjörg segir vera ótrúlega skemmtilegan fyrir kammertónleika því salurinn hafi yndisfagran hljómburð. Menningar- og safnanefnd Garðabæjar standa að tónleikunum en fram koma þau Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðluleikari og konsertmeistari Sinfóníunnar, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Domenico Codispoti píanóleikari. „Listamennirnir sem eru í öndvegi á tónleikunum hafa allir einhvers konar tengingu við Garðabæ, en á fyrstu tónleikunum er frekar mikið dúndur. Sigrún Eðvaldsdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir hafa fengið með sér ítalskan heimsklassa píanóleikara sem er margverðlaunaður píanisti úti um allan heim,“ segir Ingibjörg, um leið og hún hvetur alla til að mæta og njóta einnar klukkustundar og hlusta á fagra hljóma áður en gengið er út í vorkvöldið á ný. Tónleikarnir eru haldnir í sal Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi 11, í Garðabæ kl. 20. Miðasala er við innganginn og aðgangseyrir er 1.500 krónur.

marinmanda@frettabladid.is



**TÓNLEIKAR Í GARÐABÆ** Bryndís Halla Gylfadóttir, Domenico Codispoti og Sigrún Eðvaldsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

---

✝



Elsku konan mín,

**BERGLJÓT ÓLAFS**

er látin. Útför fór fram í kyrrþey.

**Ólafur Björgúlfsson
og fjölskylda.**

---

✝



Elsku maðurinn minn, pabbi, tengdapabbi og afi,

**FRIÐRIK THEODÓRSSON**

lést föstudaginn 28. mars.
Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á að styrkja Lúðrasveit Reykjavíkur, kt. 440269-1929, reikn.nr. 0137-26-10090.

**Edda Völva Eiríksdóttir
Hildur Friðriksdóttir — Jóhannes Albert Sævarsson
Hrefna Friðriksdóttir — Hörður Sigurðarson
Halla Rún Friðriksdóttir — Jón Benóný Reynisson
barna- og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæra

**STEINUNN KRISTÍN ÁRNADÓTTIR
Vatnaseli 3, Reykjavík,**

lést 27. mars sl. á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Hún verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 4. apríl kl 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjálparstarf fyrir börn í þróunarlöndum.

**Sigurður Guðmundsson
Guðrún Steingrímsdóttir
Árni Steingrímur Sigurðsson — Pálína Erna Ásgeirsdóttir
Guðmundur Orri Sigurðsson — Lilja Sóley Pálsdóttir
Unnar Darri Sigurðsson — Stella Rögn Sigurðardóttir
og barnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og bróðir,

**VALGEIR BIRGISSON
Hlíðarhjalla 51, Kópavogi,**

lést 26. mars á sjúkrahúsi í Molde í Noregi. Jarðarförin auglýst síðar.

**Valgerður Jóhannesdóttir
Helgi Fannar Valgeirsson — Guðrún Þorgerður Jónsdóttir
Jóhannes Ingi Valgeirsson
Birgir Kristjánsson — Elín Ellertsdóttir
Helgi Birgisson
Kristján Birgisson
Guðmunda Birgisdóttir**

---

✝



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GEIRS KONRÁÐS BJÖRNSSONAR
Kveldúlfsgötu 12, Borgarnesi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar í Borgarnesi og Sjúkrahússins á Akranesi, fyrir góða umönnun og hlýju.

**Hanna Carla Proppé
María Erla Geirsdóttir — Theodór Þórðarson
Ástráður Eysteinsson — Anna Jóhannsdóttir
Kristín I. Geirsdóttir — Guðgeir Eyjólfsson
Jón Þór Geirsson — Kristín Anna Hjálmarsdóttir
Sigríður Lísa Geirsdóttir — Marinó Már Marinósson
Gunnar Már Geirsson — Dagmar Jóhannesdóttir
afa- og langafabörn.**

---

✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNA GUÐMUNDSDÓTTIR
Smárahlíð 1d, Akureyri,**

lést laugardaginn 22. mars. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á lyflækningadeild Sjúkrahúss Akureyrar.

**Eygló Antonsdóttir
Rúnar Guðmundur Antonsson — Hildur Heba Theodórsdóttir
Sigurjón Antonsson
Heiðar Már Antonsson — Ellen Rós Baldvinsdóttir
ömmu- og langömmubörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## NÝTT HEILSUBLOGG

**Flugfreyjan Valdís Sigurgeirsdóttir stofnaði nýverið heilsubloggið ljomandi.is. Þar er meðal annars að finna glúten- og sykurlausar uppskriftir ásamt ýmiss konar fróðleik.**


## Betra blóðflæði

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna **Nitric Oxide. SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að ***30%*** æðaútvíkkun, ***30%*** meiri súrefnisupptaka, rétt-ur blóðsykur, aukin fitubrennsla, ***20%*** meira þrek orka og úthald. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna. **Nitric Oxide hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, ofnæmiskerfi, astma, lungnaþembu. ***Einkaleyfi Neogenis Labs á rauðrófukristall tryggir einstaka yfirburði og virkni af nitrite sem umbreytist í Nitric Oxide í líkamanum .*** Gott bragð ein teskeið blandað í vatn 100 ml sem jafngildir einni flösku 500 ml af rauðrófusafa.




Umboð: www.vitex.is - www.neogenis.com

Fæst í Apótekum og heilsubúðum




# BÓLURNAR BURT!

**GENGUR VEL KYNNIR** *Salcura Antiac-húðvörur eru 100% náttúrulegt meðferðarúrræði sem getur veitt langvarandi bata við bólum, fílapenslum, stífluðum fitukirtlum og óhreinni húð. Frábær árangur, auðvelt í notkun og engar aukaverkanir.*

**Salcura Antiac**-húðvörurnar innihalda náttúrulegar ilmkjarnaolíur, vítamín og steinefni til að hreinsa, róa og sótthreinsa húðina.
Hormónabreytingar eru aðalorsakir þess að við fáum bólur. Þær gera það að verkum að fitukirtlarnir framleiða of mikið af húðfitu sem blandast við dauðar húðfrumur og myndar massa sem stíflar svitaholurnar.

**Salcura Antiac Active Liquid Spray** inniheldur einstaka náttúrulega formúlu sem hreinsar húðina innan frá og út. Spreyið fer djúpt inn í húðina, kemur jafnvægi á fituframleiðslu húðarinnar og stuðlar að hreinsun hennar.

**Antiac Activ Gel Serum** notast beint á bóluna. Öflug innihaldsefnin minnka bólgu og sýkingu. Sjáanlegur munur á bólunni á innan við fjórum klst.

**Antiac andlitshreinsir** ph-hlutlaus djúphreinsandi andlitshreinsir. Hentar öllum húðgerðum.

**Antiac Daily Face Wipes** djúphreinsandi hreinsiklútar. Henta öllum húðgerðum. Tilvalið í íþróttatöskuna eða í ferðalagið.

**VIRKU INNIHALDSEFNIN ERU:**
Tea Tree-olía sem er einstaklega bakteríudrepandi og eyðir sýkingum fljótt, Manuka-olía, einstaklega græðandi, Sea Buckthorn- og Eucalyptus-olía ásamt Aloe Vera sem draga úr bólgu og róa húðina.

**Allar vörurnar eru ÁN:**
- Parabena
- Benzoyl Peroxíðs
- Sýklalyfja
- Ætandi efna

**ÚTSÖLUSTAÐIR**
Lyf og heilsa, Lyfja, Garðsapótek, Lyfsalinn, Lyfjaver, Apótek Hafnarfjarðar, Apótek Garðabæjar, Árbæjarapótek, Apótekið, Apótekarinn, Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Heilsuver, Heilsutorgið Blómavali, Nánari upplýsingar á gengurvel.is



**FYRIR ÞÁ SEM ÞJÁST AF:**
Bólum
Fílapenslum
Kýlum
Óhreinni húð


## Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

**Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737**

**Næsta námskeið hefst 2. apríl 2014**

SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




*Gjöf handa þér og þínum*

Tékk KRISTALL www.tk.is

**Laugavegi 178 - Sími: 568 9955**












# EKKI ALLT OFURFÆÐA

**HEILSA** *Orðið ofurfæða hefur mikið verið notað að undanförnu og eflaust í víðara samhengi en við á. Enginn efast þó um hollustu þessarar fæðu hér.*

Svokölluð ofurfæða hefur verið mikið í umræðunni undanfarið og ýmsum fæðutegundum hampað sem slíkum. Ofurfæða er hugtak sem hefur verið notað til að lýsa fæðu sem á að hafa jákvæð áhrif á heilsuna og minnka líkur á eða jafnvel koma í veg fyrir sjúkdóma. Hugtakið hefur hins vegar lítið verið notað af næringarfræðingum og öðrum sérfræðingum og hefur jafnvel verið misnotað af markaðsöflum. Krabbameinsfélag Bretlands hefur varað við því að ekki eigi að reiða sig algjörlega á svokallaða ofurfæðu til að minnka líkur á krabbameini. Hún geti ekki komið í staðinn fyrir fjölbreytta og holla fæðu.

Það eru hins vegar fáir sem efast um hollustu ákveðinna fæðutegunda og hafa þær verið þekktar um langa tíð fyrir hollustu sína. Dæmi um þetta eru ber, hnetur, fræ, dökkgrænt grænmeti, feitar fisktegundir, sítrusávextir, heilhveiti og baunir.



**GRÆNT GRÆNMETI**
Grænt grænmeti er pakkað af næringarefnum, trefjum, vítamínum og steinefnum. Það er ríkt af A-, C- og K-vítamíni, kalíum, kalki og fólati. Það má matreiða á marga vegu eða borða það eins og það kemur frá náttúrunnar hendi. Eina sem þarf að gera er að skola það vel. Gott er að bæta því í booztið, eggjakökur eða sósur.

**BLÁBER**
Bláber eru bæði bragðgóð og holl. Þau hafa lengi verið talin góð í baráttunni við hina ýmsu sjúkdóma, geta haft jákvæð áhrif á of háan blóðþrýsting og kólesteról. Bláber eru tilvalin bæði í morgunverð og eftirrétti. Svo má gæða sér á þeim í staðinn fyrir sælgæti fyrir framan sjónvarpið.

**BAUNIR**
Í baunum er kröftug blanda af B-vítamínum, kalki, kalíum og fólati. Þetta hjálpar til við að halda heila, húð og frumum heilbrigðum. Sniðugt er að borða baunir sem meðlæti í stað brauðs eða kartaflna. Þær gefa seddutilfinningu og orku allan daginn.

**VALHNETUR**
Ekki þarf að borða mikið af valhnetum til þess að njóta góðs af þeim. Dagleg handfylli gefur góðan skammt af Omega-3, melatóníni, kopar, mangani og E-vítamíni. Talið er að valhnetur geti seinkað bæði Alzheimer- og Parkinsonssjúkdómunum. Fyrir þá sem eru ekki hrifnir af hnetum er sniðugt að bæta smá skammti af hnetusmjöri við morgunbooztið.

**LAX**
Lax er ríkur af prótínum, D-vítamíni, B2, B3, B6 og B12 og að sjálfsögðu Omega-3 fitusýrum. Hann er sagður vera góður í baráttu við hina ýmsu sjúkdóma, svo sem krabbamein, hjarta- og æðasjúkdóma og hrörnun í augnbotnum.

# EFNI Á BANNLISTA LEYFT MEÐ TAKMÖRKUNUM

*Í könnun sem norsku neytendasamtökin gerðu kom í ljós að varhugaverð efni eru notuð í um það bil helming tyggjótegunda sem kannaðar voru.*

Fjöldi tyggigúmmístegunda sem seldar eru hér á landi inniheldur aukaefnið BHA sem leyft er með miklum takmörkunum samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Efnið má nota í fá matvæli en tyggjó er eitt af því sem leyfilegt er að nota það í.

Norsku neytendasamtökin könnuðu á dögunum innihaldsefni 68 tyggjótegunda. Könnunin fór þannig fram að tyggigúmmíið var keypt í söluturnum og verslunum í Ósló. Listinn yfir innihaldsefni tyggigúmmísins var kannaður og kom í ljós að 36 tegundanna innihéldu BHA. Extra er á meðal algengra tegunda hér á landi sem innihalda efnið.

BHA er á skrá Evrópusambandsins yfir efni sem hafa áhrif á hormónajafnvægi fólks. Sífellt fleiri rannsakendur krefjast þess að varað sé við slíkum efnum. Helsta áhyggjuefnið er að efnin geti haft skaðleg áhrif á heilsu, minnki frjósemi og geti jafnvel aukið líkur á krabbameini og sykursýki 2.

„BHA er leyft hér á landi með miklum takmörkunum. Við förum eftir reglum sem við tökum upp frá Evrópusambandinu,“ segir Jónína Þ. Stefánsdóttir matvælafræðingur hjá Matvælastofnun. „Þar er skýrt tekið fram í hvaða matvæli má nota aukaefnið og í hvaða magni. Reglurnar byggjast á áhættumati frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu sem býr yfir mikilli sérfræðiþekkingu. Þetta mat sem farið er eftir er frekar nýlegt eða frá 2011. Þar kemur fram að ÁDI-gildi, sem er það magn efnis sem talið er óhætt að neyta daglega alla ævi, er lágt og þess vegna setur Evrópusambandið strangar reglur um notkun í reglugerðinni. Gildið er lágt fyrir þetta efni og því er talið öruggt að nota það í tyggjó innan marka og ekki talin hætta á að fólk fari yfir þessi mörk. Fólk ætti því ekki að hafa áhyggjur af notkun tyggjós í þessu samhengi.“

Lista með tyggjótegundum sem kannaðar voru má sjá á vef norsku neytendasamtakanna, forbrukerradet.no.




**INNAN HÆTTUMARKA** Extra er á meðal algengra tegunda hér á landi sem inniheldur efnið.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# UMBYLTING Á HEILSUNNI

**ICECARE KYNNIR** *Bio Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum (Probiotics). Öflug vörn fyrir þarmaflóruna sem hentar öllum aldri, börnum sem fullorðnum. Þórunn Þórarinsdóttir mælir með þessum góðu gerlum sem bæta meltinguna.*

Mig langar að deila reynslu minni af Bio Kult Original-gerlunum.

| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |



**MIKIL LISTAKONA** Laila Av Reyni er mikil listakona og kemur fram á nokkrum tónleikum hér á landi í vikunni. MYND/HØGNI HEINESEN

# Færeysk tónlist kynnt með tónleikaferðalagi

Færeyska tónlistarkonan Laila Av Reyni og íslenska hljómsveitin Sometime leggja af stað í tónleikaferð.

„Það er frábært að fá hana til landsins, þetta er frábær listamaður," segir Kristinn Sæmundsson, skipuleggjandi tónleikaferðarinnar sem kallast Litli Íslandstúrinn 2014, en þar koma fram færeyska tónlistarkonan Laila Av Reyni og íslenska hljómsveitin Sometime. Tónleikaferðalagið hefst í dag í verslun Lucky Records við Rauðarárstíg og hefjast tónleikarnir klukkan 16.30.

Laila Av Reyni er mikil listakona og fyrir utan tónlistina er hún yfirkennari og stýrir hönnunardeildar Tekníska skúlans í Þórshöfn í Færeyjum og hefur til að mynda hannað klæðnað fyrir fegurðardrottningar Danmerkur og Eurovision-keppendur Dana. „Hún er rísandi stjarna í tónlistarheiminum," bætir Kristinn við. Hljómsveitina Sometime skipa þau Rósa Birgitta Ísfeld og Daníel Þorsteinsson en þau stofnuðu hana ásamt nokkrum reyndum tónlistarmönnum árið 2005 og hafa með tónleikum sínum skapað sér gott orðspor. „Það sem tengir sveitirnar er að Rósa Birgitta er einn fjórði Færeyingur," segir Kristinn léttur í lundu. Þá leika sveitirnar báðar rafskotið popp.

Tónleikaferðalagið heldur áfram á fimmtudag en þá eru tónleikar á Café Rosenberg, föstudag í Gamla kaupfélaginu á Akranesi og laugardaginn á Fjörukránni í Hafnarfirði. Kristinn hefur verið iðinn við að kynna Íslendinga fyrir færeyskri tónlist og kynnti til að mynda Eivöru Pálsdóttur og hljómsveitina Tý fyrir landsmönnum á sínum tíma. **- glp**







# Tískufjör í Hörpu

Reykjavík Fashion Festival fór fram með pomp og prakt um helgina. Fjölbreytnin var í fyrirrúmi þar sem áhorfendur sáu allt frá rómantískri sveitasælu Farmers Market til rokkaðs og reykfyllts tískupallsins hjá Guðmundi Jörundssyni. Þeir átta hönnuðir sem tóku þátt í tískuhátíðinni í ár tóku verkefnið alvarlega og sýndu það að framtíðin er björt í fatahönnun á Íslandi í dag.

FARMERS MARKET



## Rómantísk sunnudagsstemning

Farmers Market með Bergþóru Guðnadóttur í fararbroddi gerði það sem þau gera best á sýningu sinni á laugardaginn. Eins og búast mátti við var ullin í lykilhlutverki í sýningunni þar sem stórri mynd af sveitakirkju var varpað á bak við tískupallinn og lifandi tónlist ómaði undir. Peysur, silkikjólar, gallaskyrtur, hnésíð pils og vaxjakkar er það sem koma skal frá merkinu sem hefur fest sig í sessi hér á landi og víðar. Fléttuhárgreiðslur og náttúruleg förðun fyrirsætanna tónaði vel við fatnaðinn.

MAGNEA



## Flott frumraun Magneu

Fatahönnuðurinn Magnea Einars var að þreyta frumraun sína á RFF í ár en prjónið leikur stórt hlutverk í hennar hönnun. Sýningin var vel gerð og greinilega búið að spá í hvert smáatriði. Litaspjaldið í línunni var svart, hvítt og fjólublátt með prjónasettum, pilsum, peysum sem og munstruðum silkikjólum. Þá voru síðar prjónapeysur og vesti einkar girnileg fyrir næsta vetur. Fyrirsæturnar báru allar skemmtilega hatta sem gaf sýningunni flottan blæ. Það verður gaman að fylgjast með Magneu í framtíðinni.

SIGGA MAIJA



## Kynþokkafullir kjólar og flott prent

Margir biðu spenntir eftir að sjá sýningu Sigga Maiju sem er fyrsta fatalína Sigríðar Maríu Sigurjónsdóttur undir eigin nafni. Sýningin var glæsileg og einkenndist línan af þröngum buxum með rennilás niður kálfann og kvenlegum kjólum með bert í bakið í litríkum munstrum. Sigríður María hefur áður unnið fyrir Jör og Kron Kron en hún sótti innblástur til Parísar í kringum 1920 fyrir eigin línu.

CINTAMANI



## Litríkur flísfatnaður

Útivistarmerkið Cintamani sýndi í fyrsta sinn fatalínu sína á Reykjavík Fashion Festival í ár. Sumir settu spurningarmerki við það að útivistarmerki færi á pallana á RFF enda sýningin frábrugðin hinum. Fyrirsæturnar voru eins og þær væru nýkomnar niður af fjallinu, með rjóðar kinnar og úfið hár. Litadýrðin var mikil hjá útivistarmerkinu sem sýndi ullarfatnað, flíspeysur, ullarsokka og fylgihluti í fjallgönguna. Anna Clausen sá um stíliseringu og á hrós skilið fyrir flotta heildarmynd.

REY



## Kvenlegar línur og áttundi áratugurinn

Rebekka Jónsdóttir, sem hannar undir merkinu REY, var með glæsilega sýningu þar sem andi áttunda áratugarins sveif yfir vötnum. Hún hafði sjálf lýst línunni sem hyllingu til kvenskörunga frá gullaldartímabili Hollywood og fór það ekki fram hjá neinum. Samfestingar með víðum skálmum, flaksandi efni, áberandi mitti, barðastór skyggni og skemmtilegar prjónapeysur. Vönduð lína þar sem margir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

JÖR



## Dökkur og drungalegur Jör

Jör by Guðmundur Jörundsson var rúsínan í pylsuendanum á tískudeginum í Hörpu. Það kvað við nýjan tón hjá Jör sem hingað til hefur verið einna helst þekktur fyrir jakkaföt á dömur og herra. Dúndrandi rokktónlist, blikkandi neonljós og reykfylltur tískupallurinn settu sinn svip á goth-lega fatalínu Guðmundar. Vel sniðnar yfirhafnir, rifnar gallabuxur, síðar skyrtur og buxur með klauf er það sem koma skal frá Jör. Hárgreiðslan og förðunin settu sinn svip á sýninguna sem stóð upp úr hvað varðar heildarsvip og útfærslu á hátíðinni. Vel gert hjá Jör-teyminu.

ELLA



## Tímalaust og fágað

Þær Katrín Kára og Elínrós Líndal sóttu innblástur sinn til stríðsáranna fyrir þessa nýju línu Ellu. Upphaf sýningarinnar gaf strax tóninn fyrir það sem koma skyldi þegar fyrirsætur, klæddar fallegum síðum ullarkápum með háum kraga, þrömmuðu taktfast inn pallinn. Blárt svart og grátt var litaspjaldið í fatalínunni þar sem allar flíkurnar voru útpældar, vel sniðnar og klassískar. Fatalínan og sýningin voru óður til sterku konunnar sem sást í öllu frá förðun til skóbúnaðar fyrirsætanna. Sýningin endaði svo á laginu Independent Women með Beyoncé til að króna þemað.

ZISKA



## Leður og prjón frá Zisku

Sýning Hörpu Einarsdóttur, sem hannar undir nafninu Ziska, hófst á skemmtilegu tískumyndbandi með hestum í aðalhlutverki. Fatalínan sjálf einkenndist af leðri, prjóni og silki og var svarti liturinn ríkjandi við hvítan, mintugrænan og bleikan. Harpa er þekkt fyrir ævintýraleg munstur sín sem auðvitað fengu pláss í þessari línu. Hvítur leðurkjóll stóð upp úr á sýningunni sem og stutt prjónapeysa með flottu munstri. Þá vöktu útskorin leðurhálsbönd athygli.

# FERMINGARGJAFIR

## MONSTER N-TUNE OG DNA HEYRNARTÓL



*NÝJIR LITIR KOMNIR*
*DNA Laser Pink*
*og DNA Tuxido*



DNA

N-TUNE HD
High Performance On-Ear Headphones

MONSTER®

## PHILIPS BT HÁTALARAR



MIKIÐ ÚRVAL AF BLUETOOTH HÁTÖLURUM

PHILIPS

***Breyttu símanum eða tölvunni í hljómtæki!***






**Philips DS8900**
Ný DJ græja frá Philips sem er unnin í samvinnu við einn færasta DJ heims Armin van Buuren. Nú er hægt að skella upp partíi hvar og hvenær sem er. Lightning tengi. Bluetooth. Gengur fyrir rafmagni eða rafhlöðum. Innbyggður 80w RMS magnari. 2 Audio in og 2 Audio out.



iPad fylgir ekki!

**VERÐ**
**99.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## NIKON FERMINGARTILBOÐ

**STAFRÆN SLR MYNDAVÉL**
VR LINSA MEÐ HRISTIVÖRN



Þráðlaust farsímatengi
að verðmæti 11.990 fylgir!

Nikon
*At the heart of the image*

**Nú með nýrri**
**og léttari linsu!**



**Nikon D3200KIT1855VR**
Stafræn SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn, 24,2 mm CMOS flögu á DX-sniði, EXPEED 3, ISO 100-6400 (fer í 12800), 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, umhverfis- og brellustillingum, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út ofl. Íslenskur leiðarvísir

**24,2 Megapixla**
**C-MOS myndflaga**

Nikon SCHOOL

**Nikon School**
**námskeið fylgir.**

**TILBOÐ**
**99.995**
FULLT VERÐ 109.995

## HLJÓMTÆKI OG HÁTALARAR

**FRÁ DALI, DENON OG NAD Í ÚRVALI**



DENON NAD DALI

## CASIO HLJÓMBORÐ

**OG RAFMAGNSPÍANÓ Í ÚRVALI**



CASIO




# Heimilistæki ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL 5 - 8 - 10.15 | 12 |
| NOAH LÚXUS | KL 5 - 8 | 12 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| HNETURÁNIÐ 3D | KL 3.30 | L |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL 8 - 10.15 | 16 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| RIDE ALONG | KL 8 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL 5.45 - 8 - 9 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL 5.40 | L |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL 8 - 10.15 | 16 |
| ONE CHANCE | KL 8 - 10.20 | L |
| SAVING MR. BANKS | KL 6 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | KL 5.50 | L |

Miðasala á: eMiði

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| NOAH | 6, 8, 9 | 12 |
| HNETURÁNIÐ 2D | 6 | L |
| 3 DAYS TO KILL | 10:25 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | 6 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 8 | 12 |

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| NOAH VIP | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | VIP |
| NEED FOR SPEED | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 5:10 - 8 - 10:20 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 5:10 - 7:30 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:10 | L |
| POMPEII | KL. 10:30 | 12 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:50 | 16 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 6 - 9 - 10:20 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 10:40 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| HNETURÁNIÐ ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NOAH | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| POMPEII | KL. 5:40 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG


## STJÖRNURNAR Á TWITTER



**Eva Longoria**
@EvaLongoria
Var að fatta að við gerðum prufuþátt sem hét Desperate Housewives fyrir tíu árum! Mars 2004!



**Piers Morgan**
@piersmorgan
AAAAAAAA-AHHHHH!!!!!!!… pása… AAAAAAAAAAAAAA-AHHHHHHHHHHHH!!!!!!!!!!!! #ENGvNED



**Gabourey Sidibe**
@GabbySidibe
Vaknaði 4:30 þannig að ég fór að sofa klukkan 20.00. Ég vaknaði um miðnætti og sofna ekki aftur. Mér líður eins og ég hafi skotið sjálfa mig í fótinn!

# Bæði betra

BAKÞANKAR
Söru McMahon



**REYKJAVÍK** Fashion Festival fór fram í Hörpu á laugardag. Hátíðin var með sama sniði og í fyrra og voru alls átta hönnuðir sem frumsýndu haustlínur sínar fyrir þetta ár.

**TÍSKUVITUND** mín þróaðist seint miðað við marga aðra, líklega vegna þess að ég tók þægindi alltaf fram yfir nýjustu tískustrauma. Þrátt fyrir það hefur tíska verið eitt helsta umfjöllunarefni mitt sem blaðamanns og ég hef fylgst nokkuð náið með íslenskri hönnun síðustu fimm ár.

**Á ÞEIM** tíma hefur ýmislegt breyst. Með stofnun fatahönnunardeildar LHÍ spratt upp gróskumikil hönnunarsena á landinu sem í fyrstu var litrík, lífleg og virti allar reglur að vettugi en hefur þroskast og dafnað töluvert á undanförnum árum.

**Í UMRÆÐUNNI** um íslenska fatahönnun má greina skiptar skoðanir á því hvort ungir hönnuðir ættu ekki heldur að verða sér úti um reynslu hjá einhverju stóru tískuhúsanna en að stofna eigið fatamerki strax að útskrift lokinni. Það er þó ekki allra að starfa við það að hanna og þróa sýn annarra hönnuða, þó það sé án efa fróðleg og skemmtileg vinna. Þeir hönnuðir sem kjósa seinni kostinn fá þó sjaldnast að einbeita sér einvörðungu að hönnun því þeir þurfa einnig að sinna framleiðslu, markaðssetningu og sölustarfinu. Fjárhagslega hliðin getur þá reynst mörgum þrándur í götu.

**SJÁLFRI** finnst mér bæði betra! Það er án efa margt sem fólk fær aðeins numið hjá stóru tískuhúsunum þar sem fjöldi manna spáir í hvert smáatriði. En líkt og sjá mátti á RFF á laugardag ríkir mikil gróska í íslenskri hönnun og það er ánægjulegt að fylgjast með þessu unga listafólki sem hendir sér í djúpu laugina og lætur ekkert stöðva sig í sköpuninni. Að mínu mati er hvort tveggja nauðsynlegt og fjölbreytnin gerir lítið annað en að auðga tískuiðnaðinn enn frekar.

# Rautt og hvítt á dreglinum

Jameson Empire-verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í London um helgina. Verðlaunin eru veitt af Empire, vinsælasta kvikmyndatímariti Bretlands, og hafa verið veitt árlega síðan árið 1996. Á hátíðinni er það besta í kvikmyndum verðlaunað en eins og venjan er kennir einnig ýmissa grasa á rauða dreglinum.



**VINSÆL** Leikkonan Margot Robbie mætti í glæsilegum samfestingi frá Paper London. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**VÍNRAUÐ GYÐJA** Leikkonan Kate Beckinsale bauð upp á vínrauðan síðkjól frá Jenny Packham.



**LÆTUR TAKA EFTIR SÉR** Girls Aloud-söngkonan Sarah Harding vakti athygli í eldrauðum kjól frá Roland Mouret.



**FÁGUÐ** Leikkonan Emma Thompson klæddist kjól frá Maria Grachvogel.



**ALLTAF Í TÍSKU** Fyrirsætan Matilda Lowther var í afar klassískum, hvítum kjól.



**RÓMANTÍSKT LÚKK** Leikkonan Eleanor Tomlinson poppaði hvíta kjólinn upp með gylltu belti.

## → Helstu sigurvegarar hátíðarinnar

Goðsögn okkar lífstíðar
**Tom Cruise**

Hasarmyndahetja okkar lífstíðar
**Arnold Schwarzenegger**

EMPIRE-hetja
**Simon Pegg**

Besti karlkyns nýliði
**Aidan Turner - The Hobbit: The Desolation of Smaug**

Besti kvenkyns nýliði
**Margot Robbie - The Wolf of Wall Street**

Besti leikari í aukahlutverki
**Michael Fassbender - 12 Years a Slave**

Besta leikkona í aukahlutverki
**Sally Hawkins - Blue Jasmine**

Besta breska mynd
**The World's End**

Besta leikkona
**Emma Thompson - Saving Mr. Banks**

Besti leikari
**James McAvoy - Filth**

Besti leikstjóri
**Alfonso Cuarón - Gravity**

Besta mynd
**Gravity**




Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

**MÓÐIRIN (1926)**
**Stj.: Vsevolod Púdovkin**

*Móðirin* segir sögu 1905 byltingarinnar með því að draga upp dramatíska mynd af lítilli kjarnafjölskyldu. Móðirin, döpur og trúuð, er eins og hengd upp á þráð í átökum sonar hennar og eiginmanns um fyrirhugað verkfall.
Myndin fékk feikna góðar viðtökur í Rússlandi á sínum tíma og var hyllt í blöðunum sem „lifandi manneskjulegt drama“. Hún lifir enn sem stóráfangi í þróun kvikmyndamálsins.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að…
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS






ANDRI & EDDA VERÐA BESTU VINIR



ZWEI LEBEN

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



FRELSIÐ
ÞARF EKKI AÐ VERA DÝRKEYPT
NIKE FREE SKÓR
19.990 KR.
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

## Sæt hefnd hjá Guðmundi



**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson kom fram hefndum gegn Talant Dujshebaev í gær eftir uppákomuna ótrúlegu á dögunum þegar spænski þjálfarinn sakaði Guðmund um dónaskap og sló hann í punginn eftir fyrri leik Rhein-Neckar Löwen og pólska liðsins Kielce í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

Kielce vann fyrri leikinn, 32-28, á heimavelli en Ljónin unnu fjögurra marka sigur, 27-23, í Þýskalandi í gærkvöldi og fóru áfram á útivallamarkareglunni. Það ætlaði allt um koll að keyra hjá leikmönnum liðsins þegar lokaflautið gall.

Stefán Rafn Sigurmannsson var frábær í liði Löwen í gærkvöldi og skoraði fimm mörk en Alexander Petersson skoraði tvö mörk. Þórir Ólafsson skoraði einnig tvö mörk fyrir Kielce sem er úr leik. - tom

## 72 klukkustundir eru lágmarkið



**FÓTBOLTI** KSÍ tilkynnti félögunum í gær um breytingu á reglugerð um knattspyrnumót. Nú er mótanefnd heimilt að gera breytingar á niðurröðun leikja eftir 8-liða úrslit bikarkeppninnar hafi lið spilað sex leiki á undangengnum þremur vikum fyrir leik eða innan við 48 tímar liðið frá lokum ferðalags í Evrópuleiki, svo framarlega sem annað liðið óski eftir frestun.

Má fastlega reikna með að þetta komi til vegna uppákomunnar í fyrra þegar Breiðablik spilaði undanúrslitaleik í bikar á sunnudegi, 49 tímum eftir að lenda í Keflavík eftir Evrópuleik gegn Aktobe í Kasakstan. „Fyrir mitt leyti fagna ég því að menn taki á þessu en varðandi árið í fyrra er þetta ári of seint. Það gekk yfir okkur að spila leikina svona en vonandi verður nú breyting á. Maður getur hæglega verið Skúli fúli yfir þessu öllu en ég fagna því að tekið sé á þessu," segir Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, við Fréttablaðið.

Honum finnst tíminn á milli leikja alls ekki mega vera minni en 48 tímar en vill sjá að bætt sé við einum degi til enn.

„Ég vil stíga skrefið lengra og bæta við sólarhring. 72 tímar eru lágmark. Ég var með rannsókn í fyrra um áhrif leikjaálags á úrslit leikja og það lá allt á borðinu. Við Rúnar Kristinsson vorum búnir að benda á þetta. Þetta eru engin ný vísindi," segir Ólafur Kristjánsson. - tom





8 liða úrslit í kvöld!

Stórleikir af bestu gerð í Meistaradeildinni í kvöld.

Rauðu Djöflarnir þurfa að spila uppá sitt besta gegn Evrópumeisturunum í Bayern München og Barcelona mætir erkifjendum í Atletico Madrid.

**Ekki missa af þessari fótboltaveislu!**

SPORT Kl. 18:30

MAN. UTD. – BAYERN MÜNCHEN

SPORT 3 Kl. 18:30

BARCELONA – ATLETICO MADRID

Fáðu þér áskrift! 365.IS


# Höfum allt að vinna

Körfuknattleikskappinn Hlynur Bæringsson var valinn besti varnarmaður sænsku úrvalsdeildarinnar annað árið í röð. Hlynur segir stemninguna hjá Sundsvall vera skemmtilegri eftir að liðið lenti í fjárhagskröggum.

**KÖRFUBOLTI** „Ég get nú ekki sagt að ég hafi átt eitthvað sérstaklega von á þessu. Það er nú aðallega af því ég var ekkert að spá í þessu," segir Hlynur Bæringsson léttur og hló við. Hann var um helgina útnefndur besti varnarmaður sænsku úrvalsdeildarinnar annað árið í röð.

„Ef ég hefði hugsað um það þá hefði ég talið mig eiga möguleika fyrst ég vann nú í fyrra. Það er mjög gaman að fá svona viðurkenningar. Það gefur manni aukalega og kitlar egóið. Það er ágætt í hófi."

Eftir að Hlynur fékk verðlaunin í fyrra átti hann ekki sinn besta leik í kjölfarið.

„Það var hálfgert „jinx" að fá þessi verðlaun. Það lak allt fram hjá mér fyrstu mínúturnar í leiknum."

Hlynur og félagar í Sundsvall Dragons eru á fullu í úrslitakeppninni þessa dagana. Þar eru þeir 2-1 undir í rimmu við Uppsala en vinna þarf þrjá leiki til þess að komast í undanúrslit.

„Þetta lið var líklegast fyrir tímabilið en lenti svo í miklum meiðslum. Þeir eru sigurstranglegri í rimmunni en við eigum góðan möguleika. Við erum ekki hættir," segir Hlynur en ansi margir afskrifuðu Sundsvall er það lenti í miklum fjárhagsvandræðum fyrir áramót.

Fyrir vikið varð félagið að senda Bandaríkjamanninn í liðinu heim og hætt var við að fá liðsstyrk eftir áramót eins og annars hefði verið gert.

„Við erum ekki með mikla breidd en samt fínir. Þetta hefur verið öðruvísi áskorun eftir að forsendur breyttust svona hjá okkur. Það hefur verið önnur stemning og í raun léttara yfir mönnum. Það er svona „engu að tapa"-fílingur í mönnum. Við höfum allt að vinna. Það var mjög gott að ná fjórða sæti í deildinni eftir allt saman."



**ÖFLUGUR** Hlynur er í miklum metum í Svíþjóð og var valinn besti varnarmaðurinn annað árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hlynur segir að það hafi verið dráttur á launagreiðslum síðan fjárhagsvandræðin byrjuðu. Launin hafi þó alltaf skilað sér á endanum.

„Þetta verður djöfulsins barátta hjá þeim í framhaldinu ef ég á að vera heiðarlegur. Það hefur ekki komið neinn sterkur styrktaraðili. Við hefðum alveg getað notað einn útrásarvíking núna. Það hefði líklega bara þurft einn til þess að bjarga þessu," segir Hlynur og bætir við að félagið hafi tapað fleiri styrktaraðilum en það hafi fengið enda var umræðan í kringum það mjög neikvæð í talsverðan tíma.

Landsliðsmaðurinn reiknar með því að félagið þurfi að keyra á svipaðan hátt næsta vetur og gert hefur verið seinni hluta tímabilsins enda ekki kominn neinn peningur. Sjálfur á hann eitt ár eftir af samningi sínum við félagið og hann er til í að virða hann enda líður honum vel í Sundsvall.

„Maður veit aldrei hvað gerist í þessum bransa. Ef þeir vilja halda mér þá er ég meira en til í að vera áfram. Það skiptir ekki öllu máli að vera í liði sem er líklegt til að vinna. Það skiptir líka máli að það sé gaman í vinnunni. Það eru fínir gaurar í liðinu og gaman hjá okkur."

henry@frettabladid.is

# Moyes hefur tröllatrú á sínu liði

Bayern mætir á Old Trafford í kvöld og Atletico Madrid sækir Barcelona heim.

**FÓTBOLTI** Átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu hefjast í kvöld með tveimur leikjum. Evrópumeistarar Bayern München sækja þá Man. Utd heim á meðan Barcelona tekur á móti Atletico Madrid í baráttunni um Spán.

Það þarf líklega að leita lengi að manni sem hefur trú á Man. Utd gegn Bayern en stjóri United, David Moyes, er nokkuð borubrattur.

„Við förum í þennan leik vitandi að á góðum degi eigum við jafna möguleika gegn hvaða liði sem er. Við megum vissulega sýna það oftar en ég hef tröllatrú á mínum mönnum," sagði Moyes á blaðamannafundi í gær.

„Ég sé það og finn á mínum mönnum að þeir bíða spenntir eftir



**Í SVIÐSLJÓSINU** Moyes á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

þessu verkefni. Þeir vilja allir spila svona stóran leik. Þannig er menningin hjá þessu félagi. Menn þrífast á stóru leikjunum."

Það er bakvarðarvesen hjá United þar sem Rafael er meiddur, Patrice Evra í banni og Alex Büttner haltraði af velli um síðustu helgi.

Hinn fertugi Ryan Giggs hefur staðið í þessum sporum oftar en aðrir leikmenn og hann er einnig bjartsýnn.

„Auðvitað er Bayern með frábært lið og sigurstranglegra en hjá flestum. En við erum Manchester United. Þessi leikur er á Old Trafford og liðið hefur oft blómstrað þar í þessum aðstæðum. Þetta verður vissulega mjög erfitt en við erum fullir sjálfstrausts." - hbg




Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,6** til **5,6**L/100km og $CO_2$ útblástur (g/km) frá **93** til **129**.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook
facebook.com/PeugeotIceland

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 19.20
### Um land allt

Kristján Már Unnarsson fer á Siglufjörð og kynnist viðreisn gamla síldarbæjarins, ræðir við Róbert Guðfinnsson um milljarða fjárfestingar hans og hittir ungt fólk sem er að setjast að.

## Í KVÖLD



### Meistaradeild Evrópu
**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30** Bein útsending frá leik Manchester United og Bayern München í Meistaradeild Evrópu.



### Djöflaeyjan
**SJÓNVARPIÐ KL. 21.25** Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn Vera Sölvadóttir, Goddur, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir.



### Geggjaðar grænur
**STÖÐ 2 KL 20.10** Skemmtilegur þáttur þar sem fjallað er um nýjustu grænur og afrek á sviði vísinda. Umsjónarmenn þáttanna eru bræðurnir Bjarni og Davíð Hedtoft Reynissynir.

## FM 957 kl. 07.00
### Morgunþáttur FM 957

Morgunþátturinn á FM957 með þeim Sverri Bergmann og Ernu Hrönn. Morgunþátturinn er alla virka morgna milli klukkan sjö og tíu í boði Cocoa Puffs.






TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
KAUPTÚN 3
SÍMI 564 4400
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Opið mánudaga til laugardaga kl. 11-18
og sunnudaga kl. 13-18


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Malcolm In the Middle
**08.30** Extreme Makeover. Home Edition
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** The Wonder Years
**10.40** The Middle
**11.05** White Collar
**11.50** Flipping Out
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor US
**13.50** Covert Affairs
**14.35** In Treatment
**15.05** Sjáðu
**15.35** Ozzy and Drix
**16.00** Scooby-Doo!
**16.25** Mike and Molly
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Um land allt
**19.45** New Girl *(18:23)*
**20.10** Geggjaðar grænur
**20.30** Mike and Molly *(9:23)*
**20.50** The Mentalist *(15:22)*
**21.35** Rake *(10:13)*
**22.20** Bones *(22:24)*
**23.05** Daily Show. Global Edition
**23.30** Grey's Anatomy
**00.15** Rita
**01.00** Believe
**01.45** Crossing Lines
**02.35** Burn Notice
**03.15** Fringe
**04.00** Street Fighter— The Legend of Chun-Li
**05.35** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** Þór Þorlákshöfn - Grindavík
**14.25** Samantekt og spjall Kynning á liðunum í Meistaradeildinni í hestaíþróttum
**15.00** KS-deildin
**15.30** Spænsku mörkin 2013/14
**16.00** Þór Þorlákshöfn - Grindavík
**17.30** Þýsku mörkin
**18.00** Meistaradeildin - upphitun
**18.30** Meistaradeild Evrópu. Man. Utd. - Bayern München Bein útsending
**20.45** Meistaradeildin - meistaramörk
**21.15** Meistaradeild Evrópu. Barcelona - Atletico
**23.05** Meistaradeild Evrópu. Man. Utd. - Bayern Munchen
**00.55** Meistaradeildin - meistaramörk

## SPORT 2
*enski boltinn*

**07.00** Sunderland - West Ham
**12.40** Messan
**14.00** Swansea - Norwich
**15.40** Premier League World
**16.10** Fulham - Everton
**17.50** Football League Show 2013/14
**18.20** Sunderland - West Ham
**20.00** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**21.25** Crystal Palace - Chelsea
**23.05** Southampton - Newcastle
**00.45** Ensku mörkin - úrvalsdeildin

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**11.50** Simpson-fjölskyldan
**12.10** Friends
**12.35** Mindy Project
**12.55** Suburgatory
**13.15** Glee
**14.00** Hart of Dixie
**14.40** Gossip Girl
**15.25** The Carrie Diaries
**17.55** Junior Masterchef Australia
**18.35** Baby Daddy
**19.00** Extreme Makeover. Home Edition
**19.40** Hart Of Dixie *(7:22)*
**20.20** Pretty Little Liars *(6:25)*
**21.05** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**21.35** Nikita *(7:22)*
**22.15** Southland *(2:10)*
**23.00** Revolution *(5:22)*
**23.40** Arrow
**00.20** Tomorrow People
**01.00** Extreme Makeover. Home Edition
**01.45** Hart Of Dixie
**02.25** Pretty Little Liars
**03.05** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**03.35** Nikita
**04.15** Southland
**04.55** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** UKI **08.50** Hvellur keppnisbíll **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Brunabílarnir **09.47** Mamma Mu **09.55** Hello Kitty **10.00** Ljóti andarunginn og ég **10.23** Latibær **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** UKI **12.50** Hvellur keppnisbíll **13.00** Ævintýri Tinna **13.24** Brunabílarnir **13.47** Mamma Mu **13.52** Hello Kitty **14.00** Ljóti andarunginn og ég **14.22** Latibær **14.46** Ævintýraferðin **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** UKI **16.50** Hvellur keppnisbíll **17.00** Ævintýri Tinna **17.22** Brunabílarnir **17.45** Mamma Mu **17.50** Hello Kitty **18.00** Ljóti andarunginn og ég **18.22** Latibær **18.46** Ævintýraferðin **19.00** Lína Langsokkur **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.45** Strákarnir
**18.10** Friends
**18.35** Seinfeld
**19.00** Modern Family
**19.25** Two and a Half Men
**19.50** Kalli Berndsen - Í nýju ljósi *(5:10)*
**20.15** Veggfóður *(19:20)*
**21.00** Game of Thrones *(10:10)*
**22.00** Anna Pihl *(3:10)*
**22.45** Lærkevej *(1:10)*
**23.30** Hustle
**00.25** The Fixer
**01.10** Kalli Berndsen — Í nýju ljósi
**01.35** Veggfóður
**02.15** Game of Thrones
**03.15** Anna Pihl
**03.55** Lærkevej
**04.40** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**10.40** Love Happens
**12.30** The Magic of Bell Isle
**14.20** Jane Eyre
**16.20** Love Happens
**18.10** The Magic of Bell Isle
**20.00** Jane Eyre
**22.00** A Dangerous Method
**23.40** 30 Minutes or Less
**01.05** What's Your Number
**02.50** A Dangerous Method

## RÚV

**16.25** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.18** Músahús Mikka
**17.42** Violetta
**18.25** Táknmálsfréttir
**18.30** Viðtalið
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Kastljós
**20.10** Leiðin á HM í Brasilíu *(6:16)* Í þættinum er farið yfir lið allra þátttökuþjóðanna á HM, styrkleika þeirra og veikleika og helstu stjörnur kynntar til leiks. Einnig kynnumst við gestgjöfunum betur og skoðum borgirnar og leikvangana sem keppt er á.
**20.40** Castle *(13:23) (Castle)* Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans. Meðal leikenda eru Nathan Fillion, Stana Katic, Molly C. Quinn og Seamus Dever.
**21.25** Djöflaeyjan Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn Vera Sölvadóttir, Goddur, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Thorne: Hræðslupúki *(1:3) (Thorne: Scaredycat)* Breskir þættir um rannsóknarlögreglumanninn Tom Thorne sem nú virðist leita tveggja raðmorðingja í einu. Aðalhlutverk: Lorraine Ashbourne og Brana Bajic.
**23.05** Spilaborg *(7:13) (House of Cards II)*
**23.55** Kastljós
**00.15** Fréttir
**00.25** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Cheers
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.55** Got to Dance
**17.45** Dr. Phil
**18.25** Top Chef
**19.10** Cheers
**19.35** Sean Saves the World *(12:18)*
**20.00** The Millers *(12:22)*
**20.25** Parenthood *(13:15)*
**21.10** The Good Wife *(8:22)*
**22.00** Elementary *(13:24)*
**22.50** The Tonight Show Captain America. The Winter Soldier-stjarnan Chris Evans slær á létta strengi í þætti kvöldsins og sjónhverfingameistarinn Ricky Jay leikur listir sínar.
**23.35** The Bridge
**00.15** Scandal
**01.00** Elementary
**01.50** The Tonight Show
**02.35** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **13.10** Bundesliga Highlights Show **14.00** FC Bayern Munchen - 1899 Hoffenheim **16.00** Vitesse - Heerenveen **18.00** AFC Ajax - FC Twente **20.00** Dutch League - Highlights 2014 **21.00** Dutch League - Highlights 2014 **22.00** Dutch League - Highlights 2014 **23.00** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **11.00** Golfing World 2014 **11.50** LPGA Tour 2014 **13.50** Feherty **14.35** Inside The PGA Tour 2014 **15.00** PGA Tour 2014 **18.00** PGA Tour 2014 - Highlights **18.55** Golfing World 2014 **19.45** European Tour 2014 - Highlight **20.40** Golfing World 2014 **21.30** PGA Tour 2014 - Highlight **22.25** European Tour 2014 - Highli **23.20** Augusta Masters Official Film

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


MEST SELDA ERLENDA PLATAN
Á ÍSLANDI FYRR OG SÍÐAR
Meat Loaf
BAT OUT OF HELL
TÓNLIST EFTIR JIM STEINMAN
VERÐUR FLUTT AF STÓRSKOTALIÐI
HLJÓÐFÆRALEIKARA OG SÖNGVARA
BAT OUT OF HELL
TWO OUT OF THREE AINT BAD
PARADISE BY THE DASHBOARD LIGHT
I WOULD DO ANYTHING FOR LOVE
YOU TOOK THE WORDS RIGHT OF MY MOUTH
(HOT SUMMER NIGHT)
HEAVEN CAN WAIT
I'D DO ANYTHING FOR LOVE
ITS ALL COMING BACK TO ME NOW
TOTAL ECLIPSE OF THE HEART
OG FLEIRI STÓRSMELLIR EFTIR
JIM STEINMAN
ELDBORG 17. MAÍ KL. 20:00
MATTHÍAS MATTHÍASSON - STEFÁN JAKOBSSON - EIRÍKUR HAUKSSON
FRIÐRIK ÓMAR - DAGUR SIGURÐSSON - ERNA HRÖNN -
HEIÐA ÓLAFS - STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR
BENEDIKT BRYNLEIFSSON TROMMUR - RÓBERT ÞÓRHALLSSON BASSI - ÞÓRIR ÚLFARSSON PÍANÓ -
KARL O. OLGEIRSSON HLJÓMBORÐ - KRISTJÁN GRÉTARSSON GÍTAR - EINAR ÞÓR JÓHANNSSON GÍTAR -
DIDDI GUÐNASON SLAGVERK - STEINAR SIGURÐARSON SAXAFÓNN
BÚNINGAMEISTARI: REBEKKA INGIMUNDARDÓTTIR - GERVI OG FÖRÐUN: SÓLVEIG BIRNA
HLJÓÐMEISTARI: HAFFI TEMPÓ - LJÓSAMEISTARI: AGNAR HERMANNSSON
RIGG
Music & events
MIÐASALA HEFST Á WWW.HARPA.IS OG Á midi.is FÖSTUDAGINN 4. APRÍL KL. 12:00
HARPA

## BESTI BITINN



**The Coocoo's Nest á Grandagarði 23 er í uppáhaldi og þar eru falar myndir eftir kærustu mína, Hörpu Einars.**

Snorri Engilbertsson leikari

# Hvítir buffalo skór stela senunni

Herbert Viðarsson, bassaleikari Skítamórals, stal senunni þegar sveitin kom fram á Spot á laugardagskvöld, þegar hann klæddist hvítum Buffalo-skóm.

„Þetta var nú bara Facebook-áskorun frá Hanna trommara, ég legg það nú ekki í vana minn að klæðast svona Buffalo-skóm," segir Herbert Viðarsson, bassaleikari Skítamórals, en hann stal senunni með því að vera í hvítum Buffalo-skóm á dansleik sem sveitin kom fram á um liðna helgi á skemmtistaðnum Spot. Skórnir, sem voru skjannahvítir, vöktu mikla athygli enda talsverður tími síðan Buffalo-skór voru í tísku en þeir voru alls ráðandi í skótísku landsmanna um miðjan tíunda áratug síðustu aldar.

„Ég keypti skóna í Þýskalandi fyrir um tveimur árum. Við Gunni Óla vorum þar í menningarferð og keyptum þá á sígaunamarkaði í Frankfurt, þeir voru allavega ónotaðir og lúkka vel," segir Herbert um skóna en hann fékk þó engan kjánahroll yfir að vera í þeim um helgina.

Voru meðlimir Skítamórals ekki allir miklar Buffalo-aðdáendur á sínum tíma? „Við vorum aldrei í Buffalo-skóm en við vorum meira í Swear-skóm úr Gallabuxnabúðinni, þeir voru sverari en Buffaloskór og voru líka háir."

Herbert segir allt geta gerst næst þegar Skítamórall kemur fram. „Það er aldrei að vita hvað gerist næst, þetta var bara áskorun sem ég tók, kannski skora ég á Hanna að spila í bleikum netbol á næsta balli," segir Herbert léttur í lundu.

- glp



**GEGGJAÐIR SKÓR** Herbert Viðarsson er hér í glæsilegu hvítu Buffalo-skónum sínum. MYND/DJ ATLI









# Fyrsti íslenski sirkusbjörninn til sýnis

Sirkus Íslands býður fólki að sjá björninn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í dag. Björninn kemur frá Noregi og heitir Bamse en verður kallaður Bangsi.

„Hann kemur hingað frá Noregi, búinn að vera þar að gigga í nokkur ár, svo eftir sumarið fer hann aftur heim," segir Margrét Erla Maack í Sirkus Íslands. Sirkusinn mun ferðast um landið í sumar og með í för verður sirkusbjörn, sem getur húlað og hjólað. Í dag verður ókeypis í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn milli klukkan 16 og 17 fyrir alla þá sem mæta með bangsana sína og geta gestir barið sirkusbjörninn augum.

„Hann getur líka ýmislegt fleira en við þurfum að sjá til hversu vel hann treystir okkur, og hvern hann velur til að verða vin sinn. Ég vona að það verði ég, en ætli það verði ekki Daníel (Hauksson, sirkuslistamaður) sem hann velur," bætir Margrét Erla við. Þjálfari og eigandi bjarndýrsins kemur með og kynnir hann fyrir sirkusmeðlimum.

Björninn kemur úr sóttkví í dag, þriðjudag, og þar til ferðalagið hefst í júní verður hann í Húsdýragarðinum. „Við erum í samstarfi við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn með björninn okkar. Það hentar okkur mjög vel, við æfum þarna í næsta nágrenni," segir Margrét.

Tómas Óskar Guðjónsson hjá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum er spenntur fyrir verkefninu.

„Við höfum verið að víkka aðeins sjóndeildarhringinn með til dæmis eðlum og einum snák. Þetta er stórt verkefni og er ágætis æfing fyrir þennan ísbjörn sem var lofað fyrir nokkrum árum. Sirkusbjörn er þó mun gæfara og viðráðanlegra dýr en ísbjörn, enda taminn."

„Það hefur verið erfitt að halda þessu leyndu, en við vildum ekkert segja fyrr en það væri alveg hundrað prósent á tæru að björninn væri unninn," segir Lee Nelson sirkusstjóri. „Bæði hefði ýmislegt getað komið fyrir á ferðalaginu til landsins og síðan var mikill reglugerðartangó við Matís." TVG Zimsen flutti björninn til landsins og líka sirkustjaldið sem verður nýtt á ferðalaginu í sumar.

„Þetta er án efa eitt óvenjulegasta og skemmtilegasta verkefni sem TVG-Zimsen hefur tekið þátt í. TVG-Zimsen mun sjá um alla skipulagningu, framkvæmd og flutning á búnaði og birni fyrir sirkusinn," segir Björn Einarsson, framkvæmdastjóri TVG-Zimsen.

En fær björninn íslenskt nafn?

„Hann heitir Bamse, en ætli við köllum hann ekki bara Bangsa," segir Margrét. Bangsi er mikil félagsvera og er búinn að vera einmana í sóttkvínni að sögn hennar. Því vill Sirkus Íslands kynna hann fyrir ungum sem öldnum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í dag.



**EINMANA Í SÓTTKVÍ** Björninn kemur úr sóttkví í dag og því vill Sirkus Íslands kynna hann fyrir landsmönnum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum frá klukkan 16 til 17. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Hann getur líka ýmislegt fleira en við þurfum að sjá til hversu vel hann treystir okkur, og hvern hann velur til að verða vin sinn. Ég vona að það verði ég.**
>
> *Margrét Erla Maack*

liljakatrin@frettabladid.is

# Hitaði upp fyrir Ellie Goulding

Dísa Jakobs kann vel við sig hjá danska útgáfufyrirtækinu Tigerspring.

„Það er búið að vera ýmislegt í gangi," segir Dísa Jakobs tónlistarkona en hún er með mörg járn í eldinum í Danmörku. „Ég var að setja saman nýja hljómsveit," segir Dísa en hún hitaði upp fyrir Ellie Goulding fyrr á árinu. „Það var rosalega skemmtilegt, við spiluðum á stað sem heitir Tap1," segir Dísa, en um síðustu helgi hitaði hún líka upp fyrir Ásgeir Trausta.

„Síðan er ég náttúrulega með efni í svona þrjár plötur," segir Dísa. Það er útgáfufyrirtækið Tigerspring sem gefur út tónlist hennar en hún einbeitir sér að því að gefa út smáskífur frekar en stórar plötur.

„Það er einhvern veginn meira frelsi í því. Annars verður það svo stór pakki að gefa út eina stóra plötu," segir Dísa en hún er að leggja lokahönd á nýjasta lag sitt, Marry You.

„Þetta er popplag með pakistönsku ívafi og hörðum takti." Dísa stefnir að því að gefa út lagið ásamt tónlistarmyndbandi á næstu vikum. Máni Sigfússon gerði myndbandið fyrir síðasta lag hennar, Stones.

„Hann Máni er algjör snillingur, myndbandið var rosalega flott," segir Dísa en ásamt því að semja og spila tónlist þá er hún í lagasmíðanámi við Tónlistarakademíuna í Kaupmannahöfn.

„Mér finnst ég samt búin að vera hérna aðeins of lengi. Ég ætla að klára námið og síðan er ég mjög til í að prófa eitthvað nýtt."

- bþ



**LÍKAR VEL FRELSIÐ** Dísa einbeitir sér frekar að smáskífum.


ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og laufléttan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
BEINT ÚR OFNI
KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, **ritstjorn@frettabladid.is** **AUGLÝSINGADEILD** **auglysingar@frettabladid.is** **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fékk búktalaradúkku

**Auður Jónsdóttir** rithöfundur var alsæl með afmælisgjöfina í ár frá eiginmanninum, Þórarni Leifssyni.

Þau hjónin búa í Berlín ásamt syni sínum og á afmælisdegi Auðar um síðustu helgi fékk hún búktalaradúkku frá Þórarni. Gjöfin vakti mikla kátínu og segir Þórarinn á Facebook-síðu sinni að hann hafi aldrei séð Auði jafn ánægða með nokkra gjöf.

Hann segist hafa gefið henni bækur, skartgripi, græjur, flugmiða og föt en nú hafi hann slegið í gegn. „Það er bara kreisí að vera giftur jafn skemmtilegu fólki,“ segir hann í lokin. **- ebg**



### Gnarr gefur út á ensku

Bandaríska forlagið Melville House tilkynnti á dögunum að það myndi sjá um útgáfu á bók **Jóns Gnarrs** „Gnarr: Hvernig ég varð borgarstjóri höfuðborgar Íslands og breytti heiminum“. Bókin fjallar um hvernig hann varð borgarstjóri í Reykjavík og hvernig Besti flokkurinn varð til en bókin hefur áður komið út á þýsku á vegum Klett-Cotta-forlagsins.

Bókin er rúmlega 200 blaðsíður og skrifuð á ensku en Jón hefur tilkynnt að hann muni fara í ferðalag til þess að kynna hana. Hægt er að setja inn forpöntun á vef Amazon en stefnt er að útgáfu bókarinnar í lok júní. **- bþ**



### Mest lesið VÍSIR

1 Sjö ára snillingur – sjáðu atriðið sem kom honum í úrslitin
2 Kenndi rangan háskólakúrs í heila önn
3 Ísland í dag: Íhugaði sjálfsvíg
4 Lokagreinin í Sterkasta manni heims og biðin eftir úrslitum | Myndband
5 Sjáðu frábæran flutning Agnesar og Arnars




